

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

1. TBL. 28. ÁRG. 2022





- | | | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON
Stöðnun kynjahlutfalls
félagsmanna LMFÍ</p> <p>6 ARI KARLSSON
Frá ritstjórn</p> <p>8 INGIMAR INGASON
Fjöldi og samsetning
félagsmanna Lögmannafélags
Íslands</p> <p>11 UNNUR LILJA HERMANNSDÓTTIR
OG EYRÚN INGADÓTTIR
Um #MeToo og réttarkerfið</p> <p>18 INGUNN AGNES KRO
„Bannað að dæma!?”</p> | <p>20 ARNAR VILHJÁLMMUR ARNARSON
OG EYRÚN INGADÓTTIR
Staða réttarvörslukerfisins í ljósi
umræðu um meðferð
kynferðisbrotamála – samtal um
lausnir</p> <p>23 VIÐTAL VIÐ ARNPÓR
GUNNARSSON
Óskabarn hins fullvalda ríkis eða
pólítískt bitbein?</p> <p>26 RÓBERT R. SPANÓ OG HILDUR
HJÖRVAR
Mannréttindadómstóll Evrópu:
Nýtt málsmeðferðarkerfi fyrir
nýjan áratug</p> | <p>30 RANNEIG STEFÁNSDÓTTIR
Formskilyrði kærú til MDE og
algeng mistök við frágang hennar</p> <p>32 INGIMAR INGASON
Hin grýtta leið til öflunar
málflutningsréttinda fyrir
héraðsdómstólum</p> <p>34 VIÐTAL VIÐ KRISTJÁN STEFÁNSSON
Þegar maður neitar sök þá hefur
verjandi hans ekki forsendur eða
leyfi til að rengja hann</p> <p>38 UNNUR LILJA HERMANNSDÓTTIR
Nokkur orð um slit sérstakrar
sameignar með nauðungarsölu</p> |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmg.is

Aðstoðarritstjóri
Eyrún Ingadóttir

Ritnefnd
Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi B. Poulsen lögmaður
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður
Kristín Edwald lögmaður
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður
Birna Hlín Káradóttir lögmaður
Geir Gestsson lögmaður

Varastjórn LMFÍ
Eva Halldórsdóttir lögmaður
Tómas Eiríksson lögmaður
Áslaug Björgvindóttir lögmaður

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumyndir
Myndir af málþingi í Iðnó 18.mars sl.
Ljósmyndari: Eyrún Ingadóttir.

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf.


UMSJÓN AUGLÝSINGA
Öflun ehf., sími: 530 0800
ISSN 1670-2689

Auðvelt
Öruggt
Þægilegt

Nafn
Númer kassa
Innihald
Geymslutími



2035090



Við varðveitum gögnin þín

- Þú hringir í 587 9800 eða sendir okkur tölvupóst
- Við komum með tóma kassa og strikamerki
- Þú skráir gögnin, setur í kassana, límir strikamerkin á og lætur okkur vita
- Við komum og förum með kassana í örugga geymslu þar sem þú hefur alltaf aðgang að þeim
- Við þösum gögnin í vöktuðu rými við bestu aðstæður þangað til þú vilt fá þau aftur, skoða þau eða taka til þín



Einfalt ekki satt



GAGNAGEYMSLAN

Gagnageymslan ehf. · Smiðshöfða 1, 110 Reykjavík · 587 9800
www.gagnageymslan.is · gagnageymslan@gagnageymslan.is

STÖÐNUN KYNJAHLUTFALLS FÉLAGSMANNA LMFÍ

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Í árskýrslum LMFÍ má finna ýmsar fróðlegar upplýsingar. Á hverju ári er þar gerð grein fyrir „þróun kynjahlutfalls félagsmanna LMFÍ“ en við nánari skoðun sést að þróunin er nánast engin. Árið 2013 voru konur 30,2% félagsmanna, en átta árum síðar voru þær 31,2% félagsmanna. Nærtækara væri því að kalla stöplariðið „stöðnun kynjahlutfalls félagsmanna LMFÍ“. Hlutfallið er enn verra ef litið er til sjálfstætt starfandi lögmannna og fulltrúa þeirra. Samkvæmt síðustu árskýrslu LMFÍ voru konur 27,2% þeirra lögmannna sem eiga eða starfa á lögmannstofum. En hvað veldur?

Einhverjir kynnu að halda að kynjaskiptingin héldist í hendur við kynjahlutföll útskriftarárganga lagadeilda landsins. Svo er ekki. Samkvæmt upplýsingum frá öllum lagadeildum landsins voru konur 57,5% brautskráðra á árunum 2012-2021. Á hverju þessara ára hafa lagadeildirnar brautskráð fleiri konur en karla. Samt breytist kynjahlutfall LMFÍ nánast ekki neitt. Ef kynjahlutfall LMFÍ yrði yfirfært á útskriftarárgangana væri eins og 380 konur hefðu ekki útskrifast á þessu tímabili. En það gerðu þær sannanlega. Þær bara skila sér ekki inni í félagið eða staldra stutt við.

Það er sameiginlegt verkefni okkar að breyta þessu. En hvernig?

Í fyrsta lagi mætti kynna betur lögmenntu sem starfsvettvang fyrir fjölbreyttari hóp. Það væri til að mynda einfalt mál fyrir LMFÍ að óska þess að halda slíkar kynningar í lagadeildum háskólanna. En það væri ekki nóg.

Í öðru lagi þarf að gæta þess að konur fái sömu tækifæri og karlar. Hvort heldur er við nýráðningar, þróun í starfi og

framgang. Í þessu samhengi má nefna að Lögmannablaðið kannaði hlutfall kvenna í hópi eigenda á tíu stærstu lögmannstofum landsins árið 2014, en þar kom fram að einungis 14,5% eigenda voru konur. Það er tímabært að kanna þetta aftur og þá líka hvert eignarhlutfall þessara kvenna er, enda virðist algengara að konur hafi ekki jafnan eignarhlut á við karlana.

Í þriðja lagi þarf að huga betur að starfsumhverfi lögmannna. Það er að mörgu leyti gamaldags bæði hvað varðar vinnutíma og vinnulag. Í síðasta pistli mínum nefndi ég könnun á meðal ungra danskra lögmannna en þar kom skýrlega fram að svigrúm til fjölskyldulífs og gott vinnuumhverfi skiptu mestu við val ungra karla sem kvenna á vinnustað. Við þessu þurfa vinnuveitendur að bregðast ætli þeir sér að sækja sér besta starfsfólkið. Svo vinna lögmenntu líka utan skrifstofu sinnar þar sem gæta þarf að sömu sjónarmiðum, eins og t.d. hjá dómstólunum.

Í fjórða lagi þarf að huga að brottfalli úr stéttinni og ástæðum þess. Til að mynda gæti LMFÍ kannað ástæður innlagnar réttinda og hvort meira brottfall sé að ræða af hálfu kvenna og karla.

Til viðbótar við ofangreint mætti svo nefna skýrslu starfshóps LMFÍ um starfsumhverfi lögmannna frá árinu 2017. Þar má finna ágætis samantekt á málefnum og nokkrar tillögur að úrbótum. Ég hvet áhugasama að kynna sér efni hennar.



Endurmenntun fyrir lögfræðinga

Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á endurmenntun fyrir lögfræðinga með námskeiðum á meistarastigi.

Útskrifuðum lögfræðingum frá HR stendur til boða að sækja námskeiðin með **50% afslætti**.

Dæmi um námskeið í boði:

- Fjölmíðlaréttur
- Höfundaréttur í upplýsingasamfélagi
- International Law and Litigation on Climate Change
- Auðgunar- og efnahagsbrot
- EU Constitutional Law

 @haskolinnireykjavik

 @haskolinnireykjavik

Sjá úrval námskeiða og nánari upplýsingar á:

hr.is/lagadeild

FRÁ RITSTJÓRN



ARI KARLSSON
RITSTJÓRI

Í þessu tölublaði er að finna umfjöllun um efni málþinga nú á árinu um #Metoo og réttarkerfið og stöðu réttarvörslukerfisins. Þótt allir séu sammála að uppræta þurfi það samfélagslega mein sem kynbundin áreitni eða kynferðislegt ofbeldi er er ágreiningur um það hverjar bestu leiðirnar til að ná því markmiði eru.

Umfjöllun á þessum málþingum á það sameiginlegt að þolendur bera vantraust til réttarvörslukerfisins þegar kemur að úrlausn mála þeirra. Sigurður Tómas Magnússon, hæstaréttardómari, benti á að réttarvörslukerfið yrði að bregðast við upplifun þolenda um að kerfið hefði brugðist þeim, hefði ekki skilning eða litið væri á brotþola sem vettvang glæps af auðmýkt.

Það er sannarlega áhyggjuefni þegar upplifun aðila af dómstólum og réttarvörslukerfinu er sá að viðkomandi njóti ekki réttlátrar málsmeðferðar. Slíkt grefur undan trausti á þeim stöðum sem við byggjum frjálst lýðræðissamfélag á. Þetta vantraust er hins vegar ekki nýtt af nálinni.

Úr störfum okkar sem lögmenn þekkjum við flest þegar skjólstæðingar okkar hafa verið beittir órétti og upplifa sig valdalaus. Þótt úrræði séu til staðar að lögum til þess að rétta hlut þess er varð fyrir órétti bætir það sjaldnast fyrir sálræn áhrifum þeirrar upplifunar þegar ekki er um miska að ræða.

Sú lýsing og upplifun þolanda kynferðisbrots að staða hans í réttargæslukerfinu sé meira í ætt við að vera vettvangur afbrots og að þeir upplifi valdleysi er alls ekki eins fjarri lagi

og sumir vilja láta. Hvernig eiga brotþolar, eða foreldrar barna eða aðstandendur þeirra sem er látinn, að skilja það öðruvísi þegar þeir mega ekki fylgjast með aðalmeðferð í sakamáli þar sem tekist er á um sekt eða sýknu sakbornings í máli þeirra? Það sama gildir um takmörkun á rétti brotþola til að fá upplýsingar sem jafnframt er í andstöðu við þær meginreglur gilda um upplýsingar um mann sjálfan í forum stjórnvalda.

Með frumvarpi dómsmálaráðherra um að styrkja réttarstöðu brotþola að þessu leyti er stigið mikilsvert skref til þess að auka aðkomu og réttindi brotþola þ.m.t. til þess að fá upplýsingar um málsmeðferð og gögn máls og valið að hlýða á þinghald þótt það sé lokað almenningi.

Kristín Benediktsdóttir, dósent í réttarfari, benti hins vegar á það að skoða þyrfti kerfið og lögin heildstætt í stað þess að gera breytingar á núverandi kerfi. Hún nefndi til dæmis að þær breytingar sem frumvarp dómsmálaráðherra legði til væru að stofni til samskonar breytingar og gerðar voru í Danmörku og Noregi árið 2008.

Það má taka undir orð Kristínar um heildstæða endurskoðun á sakamála lögum.

Við getum og þurfum að gera betur til þess að draga úr vantrausti brotþola af réttarvörslukerfinu í heild sinni.



1 SYSTEMS
OneRecords
Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT

mála- og skjalakerfi
sem hentar vel fyrir
LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn



1 SYSTEMS
OneDrag&Drop
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifinu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.




OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.
(spjaldrólvalesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

FJÖLDI OG SAMSETNING FÉLAGSMANNA LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Þróun fjölda félagsmanna í Lögmannafélaginu á árabílinu 2013 til 2022.




Í lok febrúar 2022 voru félagar í Lögmannafélagi Íslands 1058 talsins sem er 0,2% fjölgun frá sama tíma árið 2021 þegar þeir voru 1056. Fjöldi lögmanna sem flutt geta mál fyrir héraðsdómstólum er 698 og fjöldi þeirra sem auk þess hafa réttindi hafa til málflutnings fyrir Landsrétti er 61. Þá hafa 297 félagsmenn aflað sér réttinda til málflutnings fyrir Hæstarétti. Loks starfa 2 félagsmenn á grundvelli erlendra málflutningsréttinda.

Alls eru 564 lögmenn sjálfstætt starfandi, eða 53%, og 172 lögmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna,

eða 16%. Þá eru innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum 270 talsins, eða 26%, en af þeim starfa 75 hjá ríki eða sveitarfélögum og 195 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmansstörf sökum aldurs eða veikinda er 52, eða 5%.

Konur í lögmannaátt

Alls eru 329 konur í félaginu, eða 31,1%, og hefur þeim fjölgað um fjórar frá sama tíma árið 2021. Þar af eru 39% sjálfstætt starfandi lögmenn á móti 38% árið 2021 en á sama tíma hefur hlutfall kvenna sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt



starfandi lögmanna lækkað úr 22% í 21%. Hlutfall kvenna sem starfa sem innanhússlögmenn helst hins vegar óbreytt milli ára og er 28% og 2% kvenna eru hættar störfum.

Af þeim 329 konum sem í dag hafa virk málflutningsréttindi eru 266 með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum

Sé núverandi aldurdreifing félagsmanna skoðuð kemur í ljós að hlutfallslega flestir lögmenn eru á aldrinum 40 – 49 ára eða 30%. Hlutfall lögmanna á aldrinum 30-39 ára kemur þar á eftir með 26% og því næst lögmenn á aldrursbilinu 50-59 ára með 11,4%.

og 16 auk þess með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Þá hafa 46 konur aflað sér réttinda til málflutnings fyrir Hæstarétti. Loks starfar 1 kona hér á landi á grundvelli erlendra málflutningsréttinda.


Karlar í lögmennastétt

Alls eru 729 karlar í félaginu. Þar af eru 434 þeirra sjálfstætt starfandi eða 60% en voru 61% árið 2021. Þá starfa 104 eða 14% sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna sem er örlítið hærra hlutfall en á árinu 2021 þegar það var 12%. Fjöldi karla sem starfa sem innanhússlögmenn er 146 eða sem svarar til 20%, sem er sama hlutfall og á síðasta ári. Af innanhússlögmönnum starfa 104 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum og 38 hjá ríki eða sveitarfélögum. Þá eru 47 karlkyns lögmanna hættir störfum sökum aldurs eða veikinda, eða 6%, en var 7% á síðasta ári.

Af þeim 729 körlum sem í dag hafa virk málflutningsréttindi eru 432 með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum og 45 auk þess með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Þá hefur 251 karl aflað sér réttinda til málflutnings fyrir Hæstarétti. Ennfremur starfar 1 karl hér á landi á grundvelli erlendra málflutningsréttinda.

Aldursamsetning lögmanna

Af 1058 lögmönnum eru 614 yngri en 50 ára eða 58% en til samanburðar var hlutfall þessa aldurshóps 60,5% á síðasta ári og 65,5% árið 2016. Lögmennastéttin er því enn að eldast. Breytingarnar eru þó mismiklar eftir kynjum. Þannig eru tiltölulega litlar breytingar merkjanlegar hjá körlum, en hlutfall þeirra sem eru undir 50 ára er nú 54% borið saman við 55,3% á síðasta ári. Hins vegar hefur hlutfall kvenna á sama aldrursbili lækkað úr 72,3% í 66,9%.




Aldursdreifing eftir kyni


Sé aldersdreifing skoðað út frá kyni má sjá að hlutfall karla er hæst á aldersbilinu 40-49 ára, eða 29,8%, en kvenna á aldersbilinu 30-39 ára, eða 34,7%.

Aldursdreifing út frá starfsvettvangi

Sé aldersdreifing skoðuð út frá starfsvettvangi félagsmanna má sjá umtalsverðan mun milli kynja og á það sérstaklega við í aldurshópnum undir 50 ára. Þannig starfa 56% karla undir 50 ára sjálfstætt á móti 26% kvenna í sama aldurshópi. Dæmið snýst hins vegar við hjá innanhússlögmönnum þar sem 21% karla undir 50 ára starfa sem innanhússlögmenn samanborið við 44% kvenna. Munurinn er hins vegar umtalsvert minni þegar skoðað er hlutfall þessa aldurshóps sem starfar sem fulltrúar á lögmansstofum, þar sem 23% karla fylla þann hóp samanborið við 30% kvenna.



Hlutfall félaga yngri en 50 ára árið 2022 eftir því hvar þeir starfa.



Hlutfall félaga 50 ára og eldri árið 2022 eftir því hvar þeir starfa.

Munurinn milli kynja er töluvert minni þegar horft er til starfsvettvangs lögmanna sem komnir eru yfir miðjan aldur. Þannig eru 64% karla 50 ára eldri sjálfstætt starfandi og 66% kvenna. Hlutfall lögmanna í umræddum aldurshópi sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna er 4% hjá körlum en 3% hjá konum. Mesti munurinn kemur hins vegar fram hjá innanhússlögmönnum en nú starfa 18% karla 50 ára og eldri sem innanhússlögmenn samanborið við 27% kvenna.

[Ingimar Ingason](#)

LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA

LOGOS

Reykjavík · London

UM #METOO OG RÉTTARKERFIÐ

Á undanförunum misserum hefur MeToo og réttarkerfið verið í kastljósinu og krafa um bætta meðferð kynferðisbrotamála verið hávær. Rætt hefur verið um að lagaumgjörðin taki ekki mið af veruleika þolenda kynbundins ofbeldis og að réttarkerfið virki ekki sem skyldi.

Í þessari grein verður fjallað um tvö málþing sem haldin hafa verið nýlega um efnið; annars vegar „#MeToo og réttarkerfið“, sem fram fór í Háskólanum í Reykjavík 20. janúar sl. þar sem Sigrún Ingibjörg Gísladóttir lögmaður, dr. Margrét Einarsdóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík og dr. María Rún Bjarnadóttir fluttu erindi, og hins vegar málþingið „Brotþoli sem aðili sakamáls?“ sem haldið var í Háskólann á Akureyri 9. febrúar sl. en þar voru framsögumenn dr. Hildur Fjóra Antonsdóttir, aðjúntkt við félagsfræði- mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands, Lilja Margrét Olsen lögmaður og Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, saksóknari hjá ríkissaksóknara.

Hvers vegna kærðu níu konur íslenska ríkið til MDE?

Í erindi Sigrúnar Ingibjargar Gísladóttur var farið yfir mál níu kvenna sem hafa kært íslenska ríkið til MDE vegna málsmeðferðar er varða kynferðisofbeldi en þau fengu ekki ákærumeðferð. Stígamót leituðu til Sigrúnar Ingibjargar en í ársskýrslum Stígamóta kom fram að einungis lítið brot þeirra sem leituðu til samtakanna kærðu kynferðisbrotamál til lögreglu en í þeim, sem þó voru kærð, var niðurfellingarhlutfall lögreglu hátt. Sem dæmi má nefna þá var gerð rannsókn á árunum 2008 og 2009 sem sýndi að einungis 13% nauðgunarmála, sem voru kærð til lögreglu, enduðu með sakfellingu. Árið 2016 gerði nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW) athugasemd við hátt hlutfall niðurfellinga og

skort á greiningu um ástæður þess. Nefndin gerði einnig athugasemdir við skort á aðgerðaráætlun og löggjöf en á þeim tíma vantaði ákvæði í hegningarlög sem tók á andlegu ofbeldi, sem nú hefur að einhverju marki verið brugðist við. Þolendur og réttargæslumenn hafa einnig lýst vonbrigðum sínum með kerfið og var vilji til þess að fara með þessi mál lengra.

Við undirbúning málsofnar fyrir hönd kvennanna níu kom í ljós að ýmislegt mátti betur fara. Þannig var mjög oft óskilgreind bið á málum, jafnvel þó svo að búið væri að afla allra sönnunargagna. Oft var löng bið eftir skýrslu af sakborningi, í alvarlegasta tilvikinu með þeim afleiðingum að brot fyrndist í fórum lögreglu. Við skoðun sást jafnframt

ítrekað að við mat á skýrslum virtist ofuráhersla á neitun sakbornings en önnur sönnunargögn höfðu minni þýðingu, t.d. sálfræðiskýrslur eða vitnisburður annarra. Í sumum tilvikum voru vitni að atburðum en skýrslur voru ekki teknar af þeim og þær ekki taldar hafa þýðingu.

Samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu hefur íslenska ríkið jákvæðar skyldur að vernda fólk. Í því felst m.a. að hafa skilvirkt réttarkerfi sem stuðlar að því að refsar fyrir kynferðisbrot og heimilisofbeldi, líkt og önnur afbrot. Vikið var að málum MDE er varða konur, sbr. t.d. máli nr. 33401/02, Opuz gegn Tyrklandi, og máli nr. 41261/147, Volodina gegn Rússlandi, en samkvæmt 14. gr. sáttmálans er bannað að mismuna á grundvelli kynferðis. Einnig var vikið að skyldu ríkja til að rannsaka heildstætt og skilvirkt, sbr. t.d. mál nr. 39272/98, M.C. gegn Búlgaríu. Í málunum sem nú eru fyrir MDE taldi dómstóllinn tilefni til að kalla eftir svörum íslenska ríkisins og kvennanna á tilteknum spurningum. Af spurningunum má ráða að dómstóllinn sé að velta fyrir sér hvort íslenska ríkið hafi viðhaft skilvirka rannsókn í málunum og hvort í þeim felist kynbundin mismunun.

Við undirbúning máls kvennanna gáfu atvik í það minnsta tilefni til að ætla að það væri talsverð gjá milli þess sem er í orði og á borði; hvað væri refsivert og hvað yrði raunverulega um málin. Málin sýna einnig að það er mikill fjöldi sem treystir ekki kerfinu vegna þess að það hefur að einhverju leyti ekki virkað sem skyldi. Möguleg afleiðing þess ef að réttarkerfi nær ekki almennilega utan um brot er sú að fólk taki málin í sínar hendur. Því þarf augljóslega að skoða hvað er hægt að gera og hvort það þurfi að forgangsraða og endurhugsa þessi mál. Ef ofuráhersla er á neitun geranda samanborið við það að skoða öll gögn máls heildstætt þá er augljós hætta á að mál komist ekki fyrir dóm. Brotin eiga sér oftast stað bak við luktur dyr og það er nauðsynlegt að líta til annarra gagna og skoða málin heildstætt í samræmi við skyldur Mannréttindasáttmála Evrópu.

Mega þolendur skila skömminni?

Dr. Margrét Einarsdóttir velti því upp hvort þolendum kynbundins ofbeldis sé heimilt að tjá sig um brot og nafngreina ofbeldismenn sína. Í nýlegri rannsókn á ofbeldi gegn konum, „Áfallasaga kvenna“, kom í ljós að 40% íslenskumælandi kvenna hafi orðið fyrir líkamlegu og/eða kynferðisofbeldi. Einungis lítill hluti kvenna sem verða fyrir broti kæra og einungis brot af því sem er kært fer í ákærumeðferð. Þolendur sitja því uppi með oft á tíðum alvarlegar afleiðingar ofbeldisins en gerendur halda

áfram með líf sitt eins og ekkert hafi í skorist. Það er upp úr þessu sem MeToo sprettur.

Í nýju bylgjunni eru konur farnar að koma fram undir nafni og annað hvort nafngreina þær gerendur sína eða í það minnsta gefa skýrt til kynna um hvern er að ræða. Í málum þar sem þolendur tjá sig um gerendur vegast á stjórnarskrárvarinn réttur til tjáningarfrelsis annars vegar og réttur geranda til friðhelgi einkalífs hins vegar. Inntak 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að hver maður skuli eiga rétt til þess að vera talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, felur í sér að handhafar ríkisvaldsins megi ekki lýsa yfir sekt nema að viðkomandi hafi verið sakfelldur í refsimáli fyrir lögmætum dómstól. Ólíkt því sem stundum hefur verið haldið fram tekur ákvæðið eingöngu til handhafa ríkisvaldsins en ekki til einkaaðila.

Sönnunarstaðan í kynferðisbrotamálum er yfirleitt mjög erfið. Til að þolanda sé hins vegar heimilt að tjá sig um ofbeldi mega ummælin ekki vera tilhæfulaus og þau verða að vera sögð í góðri trú. Þetta má ráða af dómaframkvæmd MDE og dómaframkvæmd héraðs, sbr. t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 34/2020 og dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 404/2017. Þá staðfesti nýlegur dómur MDE í máli nr. 41987/13, Tölle gegn Króatíu, að ofbeldi gegn konum sé efni sem á ríkt erindi í almenna þjóðfélagsmálefni. Dómurinn gagnrýndi króatíska dómstóla fyrir að horfa eingöngu á það hvort maður, sem var opinberlega sakaður um heimilisofbeldi af forstöðukonu kvennaathvarfs, hefði verið sakfelldur fyrir slíkt brot. Það var mat dómsins að forstöðukonan hafi haft réttmætar ástæður til að ætla að maðurinn hefði beitt konu sína heimilisofbeldi og var króatíska ríkið því talið hafa brotið gegn tjáningarfrelsi forstöðukonunnar. Þolendur hafa samkvæmt framansögðu rúmt svigrúm til að tjá sig opinberlega og er heimilt að skila skömminni.

Svigrúm þriðja aðila til að tjá sig um ofbeldi er takmarkaðra. Í dómi MDE í máli nr. 24703/15, Egill Einarsson gegn Íslandi, var talið að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs Egils með tilteknum ummælum er vörðuðu kynferðisofbeldi á lokaðri Facebook síðu. Helsti munur á málsatvikum málsins, samanborið við mál Tölle, er að forstöðukona kvennaathvarfsins var í miklu samskiptum við þolandann og fékk upplýsingar um málið beint frá henni. Það er hins vegar varasamara út frá friðhelgi einkalífs að aðili, sem hefur engar upplýsingar beint frá aðilum málsins heldur eingöngu les um það í fjölmiðlum, komi



F.v. Margrét Einarsdóttir, Guðný Hjaltadóttir fundarstjóri, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og María Rún Bjarnadóttir.

með yfirlýsingar sem fela í sér staðhæfingu um refsiverðan verknað.

MeToo eru viðbrögð við þeirri staðreynd að réttarkerfið virkar ekki sem andsvar við kynbundnu ofbeldi. Kynferðisofbeldi hefur alltaf afleiðingar og hingað til hafa þolendur að meginstefnu borið þær. Með MeToo verða einnig afleiðingar fyrir gerendur og jafnvel þó að einstaklingur sé ekki dæmdur fyrir brot sín má hann alltaf eiga von á því að hann missi mannorð sitt og jafnvel afkomu sína. MeToo fylgja því veruleg varnaðaráhrif. Þá hefur með MeToo orðið algjör bylting að því er varðar skömmina sem fylgja þessum brotum. Það eru ekki þolendur þessara brota sem eiga að skammast sín heldur gerendur.

MeToo byltingin er þó ekki gallalaus. Ekki er hægt að útiloka að saklaus maður sé að ósekju sviptur mannorði sínu og jafnvel afkomu. Mun algengara vandamál er hins vegar að stundum virðist vera gerður of lítill greinarmunur í umræðunni á alvarlegum brotum og óviðeigandi hegðun. Það er ekki sami hlutur að sýna af sér ósæmilega hegðun annars vegar og/eða að beita konur líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi hins vegar. Þá má velta því upp hvenær gerandi er búinn að taka út sína refsingu. Er það

eðlileg refsing fyrir ósæmilega hegðun að menn geti aldrei sinnt atvinnu sinni? Við verðum að taka samtalið. Sem samfélag viljum við að menn sýni iðrun, biðjist afsökunar og bæti ráð sitt og því verður samfélagið einnig að vera tilbúið að fyrirgefa. Það þarf byltingu til að ýta samtalinu af stað en það þarf samtál til að festa breytingarnar í sessi.

Um sögulegan kynjahalla í réttarvernd og birtingarmyndir í nútímanum

Dr. María Rún Bjarnadóttir setti spurningarmerki við það að lögin væru eina svarið við samfélagslegum álitaeftum á borð við kynbundið ofbeldi. Það skipti máli hvernig lögin tala við aðra þætti samfélagsins þannig að það sé öruggt að þau uppfylli það hlutverk sem þau eiga að gegna í samfélagi eins og við viljum búa í.

Kynjakerfi, kvenfyrirlitning, kynjamismunur; þetta eru lykilhugtök sem eru viðurkennd í flestum fræðikerfum en lögfræðin hefur ekki einblínt á þessa þætti. Ef horft er til helstu réttarheimspekinga þá er áhugavert að sjá hversu rötgróið feðraveldið er í tengslum við það hvernig við notum, hugsum og byggjum upp lögin. Aristóteles sagði að líta ætti á konuna eins og einhvers konar vansköpun, sem samt sem áður var sköpuð við náttúrulegar aðstæður, en

John Stuart Mill taldi yfirráð karla yfir konum rótgrónasta yfirráðakerfi í heimi. Catherine MacKinnon, sem setti einna fyrst fram hugtakið „kynferðisleg áreitni“ upp úr miðri 20. öld og var þá talin alger öfgamanneskja, setti fram mismuna (e. difference) kenninguna sem varpar ljósi á að karlar væru í raun viðmið laganna. Karlar settu lögin, framkvæmdu lögin og dæmdu eftir lögunum framan af. Með þetta í farteskinu væri því ekki óeðlilegt í sögulegu samhengi að kynjamismunur væri innbyggð í lögin, enda liggja rætur feðraveldisins djúpt í vestrænni menningu.

Samspil laga og samfélags er náð og lögin geta haft stýrandi áhrif á hegðun fólks. Þá er ríkjandi sjónarmið í íslenskri lögfræði að lögin séu hlutlaus en að sjálfsögðu eru þau þó speglun á samfélaginu. Merki þessa eru meðal annars þær breytingar sem hafa orðið á löggjöf í vestrænum ríkjum og varða ofbeldi gegn konum. Í því samhengi verður þáttur „brjáláðra“ kvenna seint ofmetinn.

Í fræðunum er hægt að segja að þetta séu fjórar bylgjur eða kynslóðir femínista. „Brjáláðar borgaralegar konur“ börðust fyrir kosningarétti, eignarrétti og grundvallar borgarlegum réttindum sem við sjáum merki um í löggjöf frá seint á 19. öld og framundir miðja 20. öld. Upp úr 1970 fóru að tínast til konur með lögfræðipróf í krafti baráttu borgaralegu brjáluðu kvenna fyrstu bylgjunnar fyrir að aðgengi kvenna að menntastofnunum sem hafði áhrif á grundvallar lagalegan skilning á kynferðislegu ofbeldi. Á níunda áratug síðustu aldar var þriðja bylgja femínismans greind í tvær áttir; annars vegar konur sem „halla sér fram“ (e. lean in) til að sækja jafnrétti á vinnumarkaði og „róttækar brjáláðar konur“ sem kröfðust kerfisbundinna viðbragða gegn kynbundnu ofbeldi. Fjórða bylgjan er svo yfirstandandi #metoo bylgja sem er leidd af „brjáluðum (ungum, pc, vegan) konum með aðgang að internetinu“.

Þegar þessar bylgjur eru skoðaðar í samhengi við breytingar sem hafa orðið tengdar kynferðisofbeldi og meðferð þess hafa kynjafræðingar vísað til fyrirmyndar úr náttúruvísindunum um skjálftavirkni og eldgos. Þannig megi segja að samfélagslegar breytingar tengdar kynferðisbrotum lýsi sér eins og aðdragandi eldgoss, þar sem fyrst kemur skjálfti, síðan þrýstingur og loks gýs. Heildarendurskoðun kynferðisbrotakafla hegningarlagna árið 1992 má skoða sem dæmi um þetta. Árið 1984 komu upp nauðungarmál sem vöktu sterkt ákall um breytingar. Nauðgunarmálanefnd var sett á laggirnar og árið 1992 áttu sér stað umfangsmiklar breytingar á kynferðisbrotakafla hegningarlaga þar sem meðal annars var í fyrsta sinn kveðið á um kynferðislega

áreitni í lögum. Þarna varð skjálfti sem orsakaðist af meðferð tiltekinna mála, samfélagslegur þrýstingur með ákalli um breytingar og gos í formi lagabreytinga. Ef við notum sömu nálgun á nútímann hefur skjálftahrina og þrýstingur staðið yfir talsvert lengi, eða frá árinu 2007 þegar kynferðisbrotakaflinn var síðast endurskoðaður. Merki þessa sjást meðal annars í löggjöf um kynferðislega friðhelgi, aðgerðum stjórnvalda á borð við stofnun Bjarkarhlíðar og breytingum á verklagi lögreglu í heimilisofbeldismálum.

Það er ýmislegt hægt að gera til að sporna gegn áhrifum kynjakerfisins í framkvæmd en þrjú atriði voru nefnd. Í fyrsta lagi hvernig sé tekið á kvenfyrirlitningu í lögum, en í mörgum Evrópuríkjum er verið að skoða að lögfesta kvenfyrirlitningu sem grundvöll haturs og hatursbrota. Í öðru lagi er full ástæða til að skýra kynferðislega áreitni í lögum. Það eru nú þrjú ákvæði í íslenskum rétti og þau eru ekki öll samhljóða sem gæti verið ástæða fálmkenndra viðbragða við #MeToo. Í þriðja lagi þarf að huga að úrræðum réttarvörslukerfisins með hliðsjón af því hvernig sá sem brotið er gegn upplifi að hlutur hans sé réttur, en ekki síður hvaða áhrif það á að hafa fyrir þá sem brjóta gegn kynferðisbrotakaflanum til lengri tíma. Í því samhengi er ekki víst að lögin séu eina svarið.

Réttarstaða brotaþola á Íslandi

Dr. Hildur Fjóra Antonsdóttir tók í doktorsverkefni sínu viðtöl við fólk sem hafði reynslu af því að ganga í gegnum réttarkerfið í kynferðisbrotamálum og var niðurstaða hennar sú að réttur brotaþola væri mjög takmarkaður, málsmeðferð tæki oft óheyrilega langan tíma og að brotaþolar upplifðu að kerfið sneri við þeim baki. Árið 2018 stofnaði forsætisráðherra stýrihóp um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðisofbeldi og var Hildur fengin til að skrifa greinargerð um leiðir til að styrkja stöðu brotaþola.

Í dag eru lögin þannig að réttargæslumaður fær einungis aðgang að þeim gögnum sem varða þátt brotaþola og eru honum nauðsynleg til að gæta hagsmuna hans á rannsóknarstigi. Einkum er um að ræða lögregluskýrslu brotaþola sjálf og gögn lækna. Lögreglu ber ekki skylda til að upplýsa brotaþola um framgang máls en árið 2015 var þó sett ákvæði um að brotaþolar hafi rétt til að kæra ákvörðun héraðssaksóknara eða lögreglustjóra til ríkissaksóknara. Brotaþoli má ekki hlýða á framburð ákærða en réttargæslumanni er þó heimilt að vera viðstaddur öll þinghöld í máli en má ekki beina spurningum til ákærða eða vitna og er einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir

dómi um einkaréttarkröfur skjólstaðings síns. Þó má hann tjá sig um réttarfarsatriði ef þau snúa sérstaklega að skjólstaðingi.

Samkvæmt jafnræðisreglu sakamálaréttarfars er litið svo á að sakborningur standi höllum fæti í samanburði við ákærvaldið og því skuli tryggja sakborningi ýmis réttarfarshagræði til að koma í veg fyrir að saklaus maður verði dæmdur sekur. Sjónarmið hafa verið uppi um að styrkari staða brotþola leiði sjálfkrafa til veikari stöðu sakbornings, ríkið og brotþoli á móti sakborningi, en Anne Robberstad lögfræðingur og prófessor við Óslórháskóla hefur gagnrýnt þessa túlkun á jafnræðisreglunni og segir að hún byggji á þeirri hugmynd að réttarhöld séu eins konar einvígi eða íþróttaleikur þar sem tvö lið séu að keppa. Robberstad greindi dóma MDE og færði rök fyrir því að jafnræðisreglan komi ekki í veg fyrir að styrkja megi réttarfarslega stöðu brotþola, svo lengi sem réttur ákærða sé ekki skertur.

Réttarstaða brotþola á Norðurlöndum

Á meðfylgjandi mynd er borin saman réttarstaða brotþola á Norðurlöndum. T.a.m. hafa brotþolar í Finnlandi og Svíþjóð rétt á að gerast aðilar að sakamáli og almennan rétt á að hefja einkarefsimál ef saksóknari ákveður að láta málið niður falla. Þá geta þeir lagt fram eigið ákæruskjal og sönnunagögn, spurt ákærða og vitni spurninga og áfrýjað máli.


Í Finnlandi er almennt litið á brotþola sem málsaðila frá upphafi og hafa þeir aðgang að gögnum máls á rannsóknarstigi en í Svíþjóð geta brotþolar aðeins gerst

aðilar máls ef og þegar saksóknari gefur út ákæru. Frá 2008 hefur réttarstaða brotþola í Noregi verið styrkt. T.d. er lögreglu og ákærvaldi skylt að upplýsa brotþola um framgang málsins, þeir hafa almennan aðgang að gögnum á meðan á lögreglurannsókn stendur nema að lögregla telji það geti skaðað rannsókn málsins. Brotþolar bera nú vitni fyrir dómi á undan ákærða og geta því setið inni í réttarsal í gegnum öll réttarhöldin. Þá eiga brotþolar rétt á að taka þátt í réttarhöldunum í gegnum réttargæslumann sinn, t.d. leggja fram viðbótar sönnunargögn og spyrja ákærða og vitni til viðbótar spurninga á eftir saksóknara og verjanda, auk þess að ávarpa dóminn.

Samkvæmt niðurstöðum erlendra rannsókna um brotþola og réttarkerfið þá er viðmót fagaðila innan réttarkerfisins, og hvernig mál er meðhöndlað, afar mikilvægt fyrir andlega og líkamlega heilsu þeirra sem kæra brot. Þá er einnig mikilvægt fyrir brotþola að vera mætt með skilningi og virðingu af fagaðilum innan réttarkerfisins, fá upplýsingar um hvernig kerfið virkar og máli miðar innan þess sem og að hafa val um að taka þátt í réttarferlinu.

Samkvæmt tillögum stýrihóps forsætisráðherra er lagt til að brotþolar fái flest þau réttindi sem aðilar máls hafa á hinum Norðurlöndunum, t.d. aðild að sakamáli. Þá ber að tryggja að brotþolum sé ekki mismunað að neinu leyti samanber tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2012/296/EU. Lagður er til aukinn réttur til upplýsinga og þátttöku á rannsóknarstigi sem og á ákæru- og dómstigi. Einnig er lagt til aukinn réttur til upplýsinga að dómi loknum. Hildur sagði að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferðsakamála og lögum um fullnustu

	Réttarstaða	Réttur til upplýsinga á rannsóknarstigi	Réttur til þátttöku á dómstigi	Áfrýjunaréttur
Finnland	Aðili	Aðgangur að gögnum	Réttur til að leggja fram sönnunargögn, spyrja spurninga, ávarpa dóminn	Réttur til að áfrýja
Svíþjóð	Aðili þegar gefin er út ákæra	Takmarkaður aðgangur að gögnum	Réttur til að leggja fram sönnunargögn, spyrja spurninga og ávarpa dóminn	Réttur til að áfrýja
Noregur	Vitni	Aðgangur að gögnum	Réttargm. hefur rétt til að leggja fram viðb. sönnunargögn og spyrja viðb. spurninga f.h. skjólstaðings. Brotþ. má ávarpa dóminn	Ekki rétt til að áfrýja
Ísland	Vitni	Takmarkaður aðgangur að gögnum	Brotþ. hefur ekki rétt á að hlýða á framb. ákærða. Réttargm. hefur einungis rétt til að tjá sig um kröfu.	Ekki rétt til að áfrýja
Danmörk	Vitni	Takmarkaður aðgangur að gögnum	Brotþ. hefur ekki rétt á að hlýða á framb. ákærða. Réttargm. hefur einungis rétt til að tjá sig um kröfu.	Ekki rétt til að áfrýja



F.v. Hrannar Hafberg fundarstjóri, Hildur Fjólá Antonsdóttir, Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir og Lilja Margrét Olsen.

refsinga, sem dómsmálaráðherra hefði lagt fram á síðasta þingi væri ágætt svo langt sem það næði. Til dæmis væri gert ráð fyrir auknum aðgangi að gögnum en þó þyrfti það að vera skýrara að brotaþoli hefði lögmetra hagsmuna að gæta í málinu, hann gæti farið yfir gögn máls áður en ákvörðun væri tekin um afdrif þess og að brotaþoli hefði rétt til að sitja inni í lokuðu þinghaldi og gæti tekið þátt ef hann kysi svo.

Frá sjónarhorni réttargæslumanna

Lilja Margrét Olsen sagði að í kynferðisbrotum væri sönnunarstaða lakari en í öðrum málum, mál frekar felld niður eða sýknað í þeim. Hún taldi að réttarkerfið hefði brugðist og að löginn væru ekki til samræmis við siðferðisvitund samfélagsins í dag. Tryggja þyrfti að þessi mál væru í réttum farvegi en ekki í höndum dómstóls götunnar. Tími væri kominn á réttarbætur og úrræði t.d. varðandi málsmeðferðartíma, upplýsingagjöf til brotaþola og bótaréttinn og að ganga þyrfti mun lengra í breytingum laga til að tryggja rétt brotaþola fyrir dómi.

Lilja taldi að hlutverk réttargæslumanna væri túlkað of þröngt í lögum þar sem kveðið væri á um að þeir ættu að vera viðstaddir skýrslutöku, þinghöld og legðu fram

einkaréttarlega kröfu. Hlutverkið væri mun víðtækara enda hefði brotaþoli oft samband við réttargæslumann, sem yfirfæri t.a.m. gögn, áður en kært væri til lögreglu og réttargæslumenn þyrftu sögu brotaþola til að geta áætlað miska og metið afleiðingar á tjóni. Þá væri innbyggður vandi hvað varðar þóknun réttargæslumanna sem væri metin út frá umfangi þeirrar þjónustu sem brotaþoli átti að fá samkvæmt lögum, óháð því hvaða þjónustu brotaþoli í raun fékk. Dómstólar hefðu auk þess minnkað þóknun réttargæslumanna um allt að 50% en þótt að LMFÍ hafi beitt sér fyrir hækkun þóknunar en þetta væri ekki beinlínis hvati fyrir réttargæslumenn að auka við þjónustuna.

Frá sjónarhorni ákærvaldsins

Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir sagði að frá sjónarhóli ákæranda væri hlutverk réttargæslumanna mjög mikilvægt og að skerpa mætti betur á hlutverki, réttindum og skyldum þeirra í lögum.

Auk þess að taka ákvörðun um höfðun sakamáls, og flytja mál fyrir dómi, væri hlutverk ákæranda að tryggja í samvinnu við lögreglu að þeir sem fremja afbrot verði beittir lögmetum viðurlögum og vinna að því að hið sanna kæmi í ljós. Brotaþolar væru vitni í sakamáli og

framburður þeirra væri oft mikilvægasta sönnunargagnið, einkum í kynferðisbrotamálum þar sem ekki væri öðrum beinum sönnunargögnum til að dreifa, og þeir hefðu meiri réttindi en almenn vitni í sakamálum, samanber V. kafla sakamálaganna.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar umbætur sem m.a. er hægt að þakka brotapolum sem hafa stigið fram. Skýrsla Hildar Fjólú hefur nú þegar haft áhrif varðandi verklag og t.d. er byrjað að halda fund með brotþola og réttargæslumanni þegar mál eru felld niður, ríkissaksóknari hefur gefið út fyrirmæli um upplýsingagjöf til brotþola þegar sakborningur hefur verið settur í gæsluvarðhald og leystur úr því og á haustmánuðum var sett á fót upplýsingagátt fyrir brotþola um gang máls hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Starfshópar um málsmeðferðartíma eru nú starfandi, annars vegar hefur ráðuneytið sett hóp sem skoðar heildarmálsmeðferð sakamála frá upphafi til loka/fullnustu og hins vegar hefur skipaði ríkissaksóknari nýlega starfshóp til að skoða málsmeðferðartíma nauðgunarmála með það að markmiði að reyna að stytta málsmeðferðartímann.

Í umsögn ríkissaksóknara við frumvarp dómsmálaráðherra á síðasta þingi var lagt til að réttur brotþola til aðgangs gagna væri sá sami og sakbornings. Ríkissaksóknari teldi að það gæti verið til bóta að brotþoli hefði aukinn aðgang að gögnum á rannsóknarstigi með það að markmiði að sakamálið upplýsist sem best.

Margrét taldi vandkvæðum bundið og ekki til bóta fyrir sakamálið að brotþoli bæri vitni fyrir dómi á undan ákærða enda gæti það litað framburð ákærða. Eins gæti það verið mjög íþyngjandi fyrir brotþola að hafa hlýtt á framburð sakbornings og ekki væri víst að það yrði til hagsbóta fyrir hann. Sá möguleiki væri þó að á einhverju stigi gæti brotþoli fengið að horfa á upptöku á framburð sakbornings.

Það væri þó eðlilegt og sanngjarnt að brotþoli sæti réttarhöld eftir að hafa gefið skýrslu kysi hann svo enda væru lokuð réttarhöld í kynferðisbrotamálum hugsuð til hagsbóta fyrir brotþola ekki ákærða og þess væru dæmi að brotþolar fengju heimild til að sitja í málum í Landsrétti. Það væri til bóta að fá ákvæði inn í lögina um þetta þar sem dómarrar héraði telja sér mögulega ekki fært að heimila brotþola að vera viðstaddur með vísan til stöðu hans sem vitnis. Framlagning gagna og spurningar réttargæslumanns/brotþola færu í gegnum sækjanda eða dómara og væru almennt ekki vandamál og það færi betur á því að brotþoli gæfi viðbótarskýrslu sem hefði gildi sem sönnunargagn fremur en að brotþoli ávarpaði dóminn.

Ef lögfest yrði að brotþoli hefði rétt á að áfrýja dómi yrði grundvallarbreyting á kerfinu enda fæli það í raun í sér aðild brotþola að sakamálinu. Ákærvaldinu hafi verið komið á fót til að létta sönnunarbyrði af brotþola og refsivörslukerfið væri til vegna almannahagsmuna. Sönnunarbyrðin í sakamálum er lögð á ákærvaldið en ekki á brotþola og það mætti velja fyrir sér hvort það hlutverk myndi raskast við svona kerfisbreytingu. Einnig hvílir hlutlægniskylda á ákærvaldinu en ekki á einstaklingum og Margrét taldi mikilvægt að skoðuð yrði reynslan á öðrum Norðurlöndum í þessu sambandi.

Loks taldi Margrét til bóta að í frumvarpinu megi koma að kröfum um ómerkingu héraðsdóms á heimvísun varðandi einkaréttarkröfu, ef henni hefði verið vísað frá héraðsdómi vegna sýknu ákærða. Jafnvel mætti ganga lengra og heimila Landsrétti að dæma einkaréttarkröfuna þannig að brotþoli ætti þá einkaréttarlega aðild að sakamálinu sem væri áfrýjað þrátt fyrir frávísun einkaréttarkröfu. Eins væri mikilvægt að brotþoli fengi skipaðan réttargæslumann fyrir Landsrétti óháð því hvort brotþoli gæfi skýrslu eða ekki eins og frumvarpið kveður á um.

[Unnur Lilja Hermannsdóttir og Eyrún Ingadóttir tóku saman](#)



LÖGMANNSSTOFA

„BANNAÐ AÐ DÆMA!?”

INGUNN AGNES KRO

Ég er uppgjafarlögfræðingur. Með því á ég við að ég er hætt að horfa á hluti út frá lögfræði. Að minnsta kosti út frá lögfræðinni einni.

Ég sit í stjórnnum fyrirtækja að atvinnu. Þar ber ég, ásamt fleirum, ábyrgð á því að fyrirtækjunum farnist vel. Til þess að svo verði er nauðsynlegt að vera meðvitaður um haghafa fyrirtækisins og þeirra kröfur og þarfir; viðskiptavinum, starfsfólki, hluthafa, birgja, stjórnvöld o.s.frv.

Þetta hefur verið mér ofarlega í huga í metoo-umræðunni undanfarið, í tengslum við meinta háttsemi hátt settra stjórnenda og viðbrögð vinnuveitenda þeirra við þeim. Það sem forritunin úr lagadeildinni kastar nefnilega sjálfkrafa og umhugsunarlaust fram er „maður er saklaus uns sekt er sönnuð“. Afleiðing af þeirri hugsun gæti t.d. verið að bregðast ekki við fyrr en atvik hefur verið kært til lögreglu og komið í formlegt ferli eða jafnvel ekki fyrr en dómur hefur fallið.

En hvað ef þolandinn kærir ekki? Það eru ágætis líkur á því, miðað við það að ársskýrslur Stúgamóta sýna að einungis um 10% þeirra kvenna sem þangað leita kæra mál sín til lögreglu. Enda er ekki ákært nema í minnihluta mála, og þá er engin trygging fyrir sakfellingu. Nú, þá sit ég uppi með manneskju í fyrirtækinu mínu sem hefur að líkindum sýnt af sér gríðarlegan karakter- eða að minnsta kosti dómgreindarþrest. Er það ekki sama dómgreindin og viðkomandi notar við aðra ákvörðunartöku, meðal annars innan fyrirtækisins míns? Vil ég treysta á þessa dómgreind?



Er þetta líka manneskja sem ég treysti fyrir því að byggja upp heilbrigða menningu innan fyrirtækisins? Menningu sem byggir á virðingu, trausti og jafnrétti?

Og hver munu viðbrögð haghafanna verða við andvaraleysi mínu? Munu viðskiptavinir vilja eiga viðskipti við mig áfram eða mun ég verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna tapaðrar sölu? Hver eru skilaboðin til starfsmannanna og inn í menningu fyrirtækisins ef ekkert er að gert? Að svona háttsemi sé í lagi? Mun ég geta ráðið í framtíðinni framúrskarandi starfsfólk? Mun það hafa áhuga á að vinna í fyrirtæki sem tekur ekki á svona málum? Hvað ef hluthafi tekur harða afstöðu gegn þessu viðmóti mínu og selur hlutabréfin sín og verðið á þeim lækkar? Allir hluthafar verða fyrir beinu fjárhagslegu tjóni.

Er ég að sinna starfi mínu sem stjórnarmaður, ef ég bregst ekki við um leið og ég heyrir orðróm um að brotið hafi verið gegn manneskju?

Þá kemur bakþankinn: „En það er ekki öruggt að viðkomandi hafi gert neitt rangt.“ Spurningin er fyrir mér hversu þung sönnunarbyrðin á að vera.

Þegar reglunni um sakleysi uns sekt er sönnuð er beitt, þá er það í refsímálum þar sem dómara taka ákvarðanir út frá hagsmunum ríkisins. Byggja ákvarðanir sem teknar eru innan fyrirtækja á sömu hagsmunum? Er augljóst að þarna eigi að beita sömu nálgun um að óyggjandi sönnun skuli fást fyrir sektinni?

Þegar dómstólar beita reglunni þá eru viðurlögin fangelsi. Frelsissvipting. Er það sambærilegt við það að missa ákveðið starf? Eru það grundvallarmannréttindi að vera í ákveðnu starfi? Þarf sönnunin að vera jafn ótvíræð?

Innan lögfræðinnar sjálfrar er ekki beitt jafnstrangri sönnunarbyrði annars staðar og gert er í refsímálum. Það getur gerst að sýknað sé í refsímáli en dæmdar skaðabætur til handa brotþola fyrir sama atvikið. Hvað þá með brottvikningu úr starfi? Er rökrétt að gera sömu kröfur til sönnunar þar og í refsímáli?

Stjórnendur fyrirtækja taka ákvarðanir um ráðningar og uppsagnir út frá alls kyns ástæðum. Af hverju eiga þeir í erfiðustu málunum, þar sem áhrifin á fyrirtækið eru hvað mest, að vísa frá sér ábyrgðinni og láta annað kerfi, dómskerfið, um ákvarðanatökuna? Er það ekki hlutverk stjórnenda að taka erfiðar ákvarðanir? Er brottrekstur úr starfi ekki viðskiptaleg ákvörðun?

Og af hverju líður mér ekki illa með þessa nálgun? Jú vegna þess að samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra ákærusviðs lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, þá sýna rannsóknir að rangar sakargiftir eru einungis í 2-10% tilvika. Með öðrum orðum þá segi þolendur satt í 90-98% tilvika. Það að þolandi kæri ekki þýðir ekki að hann sé að ljúga. Það að það sé ekki ákært þýðir ekki að þolandi sé að ljúga. Það að það sé sýknað þýðir ekki heldur að þolandi sé að ljúga.

Er ég þá orðin hluti af „dómstól götunnar“? Kannski. Ég er hins vegar að gera það sem mér er ætlað; að gæta hagsmuna


fyrirtækisins með ákvörðun sem er byggð á mjög sterkum líkum. Ákvörðun sem ég ber ábyrgð á með mínu eigin starfi. Ég myndi þó að sjálfögðu fyrst ganga eins langt og ég kæmist í upplýsingaöflun, til þess að komast til botns í málinu, og velja viðbrögð í takt við alvarleika málsins. En hvað er annars þessi „dómstóll götunnar“ annað en þolandi sem segir sögu sína og aðrir sem sýna viðkomandi stuðning? Ef einhverjum er nauðgað; karli, konu, öðru kyni, barni, en það er enginn til vitnisburðar, skuldar viðkomandi þá samfélaginu og geranda sínum að segja ekki frá því? Þegja og bera harm sinn í hljóði? Hvernig samfélag erum við þá að búa til?

Saklaus uns sekt er sönnuð er meginregla innan dómsskerfisins. Hún á að koma í veg fyrir að saklaus einstaklingur sé dæmdur til refsingar. Heimspækin að baki er sú að betra sé að 10 sekir menn gangi lausir en að einn saklaus sé dæmdur. Auðvitað vill enginn dæma saklausan mann. Mér finnst við þó alveg mega velta því fyrir okkur að hin hliðin á teningnum er sú að eftir sitja 10 brotþolar án þess að fá leyst úr sínum málum, með þeirri sorg og áfallastreitu sem því fylgir.

Kannski ertu ósammála þessari nálgun minni. Ég er ekki alvitur. Ég vona samt að ef fyrirtæki leitar til þín, varðandi ráðgjöf í þessum málum, þá sjáirðu heildarmyndina og alla haghafa fyrirtækisins í ráðgjöf þinni.

Kær kveðja,
uppgjafarlögfræðingurinn

PRENTUN

Litla  **prent**

Umhverfissvæn og svansvottuð prentsmiðja - www.litlaprent.is



FORVINSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

STAÐA RÉTTARVÖRSLU- KERFISINS

Í LJÓSI UMRÆÐU UM MEÐFERÐ KYNFERÐIS- BROTAMÁLA – SAMTAL UM LAUSNIR

Hinn 18. mars 2022 héldu Lögmannafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands, Dómarafélag Íslands og Ákærendafélag Íslands málþing um stöðu réttarvörslukerfisins í ljósi umræðunnar um meðferð kynferðisbrota. Tílefnið var m.a. gagnrýni sem fram hefur komið um meðferð kynferðisbrotamála og afdrif þeirra innan réttarvörslukerfisins. Í pallborðsumræðum tóku þátt Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari, Ævar Pálmi Pálmason aðstoðaryfirlögregluþjónn yfir kynferðisbrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Halldóra Þorsteinsdóttir dómari við Héraðsdóm Reykjaness, Kristín Benediktsdóttir dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Inga Lillý Brynjólfssdóttir lögmaður og Almar Þór Möller lögmaður.

Stjórnandi málþingsins, Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari og formaður stjórnar dómstólasýslunnar sagði í upphafi að tímabært væri að lögfræðingar kæmu saman og legðu eitthvað til málanna í umræðu um kynferðisbrot og kynbundið ofbeldi sem verið hefði mikil undanfarið: Hann tók ýmis dæmi úr umræðunni svo sem: „Skömmin er gerenda og réttarkerfisins sem hefur gjörsamlega brugðist þolendum kynferðisofbeldis og neitað að taka ábyrgð á þeim varanlega skaða sem það hefur valdið á kynslóðum kvenna sem treysta ekki kerfinu til að ná fram réttlæti ...Við kærur ekki því réttarkerfið segir okkur að þegja.“ Sigurður tók fleiri dæmi af umsögnum um ónýtt réttarkerfi, skort á þekkingu innan þess, gjá milli borgaranna og réttarvörslukerfisins og að þar væri eingöngu litið á brotþola sem vettvang glæps. Að jafnaði væri gengið út frá því sem alkunnri staðreynd í umfjöllun um meðferð kynferðisbrotamála að réttarkerfið hefði brugðist brotþolum. Við þeirri umfjöllun yrði réttarvörslukerfið að bregðast af auðmýkt.

Nýtt frumvarp til bóta

Fyrst kom til umræðu boðað frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á ákvæðum um réttarstöðu brotþola í lögum um meðferð sakamála. Meðal nýmæla er að brotþolar fá ýmsar heimildir við meðferð mála sem aðilar hafa til þessa einir haft, t.a.m. aukinn aðgang að gögnum á rannsóknarstigi og þinghaldi sem haldið er fyrir luktum dyrum, heimild til að leggja fram sönnunargögn fyrir dómi og leggja milliliðalaust spurningar fyrir aðila og vitni svo og rétt brotþola til að ávarpa dóm í lok aðalmeðferðar. Þá er lagt til að þegar sýknað er af ákæru og bótakröfu vísað frá, þá fái bótakrafan að fylgja máli til æðri réttar. Með frumvarpinu er einnig bætt réttarstaða fólks með fötlun við meðferð sakamáls..

Kolbrún sagði að réttindi brotþola væru mun skýrari í frumvarpinu og Kristín benti á að reglurnar í frumvarpsdrögunum væru nánast sambærilegar reglum sem voru teknar upp í Noregi og Danmörku á árinu 2008 varðandi brotþola. Taldi hún þó að tryggja hefði mátt betur



Sigurður Tómas Magnússon.



Kristín Benediksdóttir.



Kolbrún Benediksdóttir.



Lillý Brynjólfsdóttir.



Halldóra Þorsteinsdóttir.



Almar Þór Möller.



Evar Pálmi Pálmarsson.

réttarstöðu eftirlifenda með sama hætti og þar var gert. Almar taldi breytingarnar skynsamlegar umbætur á réttarstöðu þolenda og að með þeim væri staða þeirra sem lykilveritna í málum viðurkennd án þess að það væri gert á kostnað sakborninga eða ákærðu. Inga Lillý sagðist hefði viljað sjá meiri aðkomu brotaþola að áfrýjun mála en fagnaði sérstaklega auknu aðgengi þeirra að gögnum og rekstri mála. Evar sagði að mörg atriði sem skiptu brotaþola miklu væru sett í lög líkt og skylda til að tilkynna brotaþola um gæsluvarðhald yfir sakborningi.

Framgangur réttlætisins

Kolbrún var spurð um til hvaða úrræða væri hægt að grípa til svo hærra hlutfall brotaþola upplifði réttlæti. Kvað hún margt hafa verið gert til að bæta úr þessu en að hægt væri að gera betur og tók sem dæmi tilhögun á skýrslutöku af börnum undir 15 ára aldri. Ísland væri eina landið þar sem enn væru teknar skýrslur fyrir dómi af börnum á rannsóknarstigi sem sakborningur fengi að hlýða á áður en hann gæfi sína skýrslu í máli en þetta skekkti verulega stöðu brotaþola. Þá sagði hún mikilvægt að eiga samtali við brotaþola þegar kynferðisbrot væru felld niður svo hann skildi betur niðurstöðuna. Sáttamiðlun hefði verið notuð til dæmis í stafrænum kynferðisbrotamálum með góðum árangri en hún kæmi hins vegar ekki til greina í

alvarlegustu kynferðisbrotamálunum nema þá hugsanlega samhliða saksókn.

Hátt hlutfall sakfellingar

Halldóra sagði að í þeim málum sem kæmu fyrir dóm væri sakfellingarhlutfallið hátt. Sem dæmi nefndi hún dóma Hæstaréttar 2015-2018 en af 25 málum, þar sem ákært var fyrir nauðgun samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga, hafi 21 þeirra lokið með sakfellingu. Það væri um 85% hlutfall. Í Landsrétti væri hlutfallið nokkru lægra en þó hátt. Vandinn fælist fremur í háu niðurfellingarhlutfalli á rannsóknarstigi þar sem við ofurefli meginreglna sakamálaréttarfars væri að etja. Á meðan fjallað væri um það að sönnunarkröfurnar væru of ríkar væri Ísland að fá á sig áfellingisdóma fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu þar sem réttindi sakborninga hefðu verið talin fyrir borð borin og því væri þetta flókin staða þar sem finna þyrfti ákveðið jafnvægi. Þó væri mikilvægt að bæta upplifun brotaþola af kerfinu, svo sem varðandi aðgang að gögnum, og eins að hraða meðferð mála kynferðisbrotamála í auknum mæli. Sönnunarstaða í málaflokknum væri erfið og mikilvægt væri að reyna að lágmarka skaðann fyrir brotaþola og tryggja að langur málsmeðferðartími bættist ekki ofan á erfiða sönnunarbyrði.

Málsmeðferðartími

Málshraði kom talsvert til umfjöllunar á málþinginu en Almar sagði að vinna þyrfti upp málshraðann í öllum málum. Til dæmis mætti athuga hvort unnt væri að lögfesta einhvern tímaramma fyrir lögreglu við rannsókn mála eða skilgreina rýmri heimildir fyrir lögreglu til niðurfellingar mála ef hún teldi greinilegt að þau yrðu felld niður síðar. Ævar sagði að rannsókn gríðarlegs fjölda kynferðisbrotamála hvíldi á tiltölulega fáum starfsmönnum og í raun þyrfti að forgangsraða málum innan forgangsmála. Inga Lillý sagði að í kerfinu væru of fáar hendur og langur málsmeðferðartími væri stærsta vandamálið. Þolendur upplifðu oft skelfingu á þessum tímamarki, jafnvel lífshótandi aðstæður, en svo tæki við alltof langur viðbragðstími og upplifun þolenda væri að mál þeirra væru ekki tekið alvarlega.

Opin þinghöld

Ævar sagði að mikil áhersla væri lögð á að koma vel fram við alla aðila máls hjá lögreglu en neikvæð umfjöllun fengi almennt miklu meira vægi í fjölmiðlum heldur en jákvæð. Inga Lillý sagðist upplifa að fólk innan kerfisins reyndi að koma til móts við brotþola. Kerfið gæti virkað kalt og ýmsar rannsóknaraðgerðir sem gripið væri til og beindust að brotþola eða hans aðstæðum gætu verið mjög þungbærar.

Það vantaði að hafa brotþola meira með í ráðum þannig að gagnsæið yrði betra. Halldóra sagði það oft gleymast að upphaflega ástæðan fyrir lokuðum þinghöldum væri að vernda hagsmuni brotþola. Það væri nýtilkomið með MeToo bylgingunum að brotþolar vildu skila skömminni og hafa þinghöld opin. Nú væri spurning í ljósi breytts landslags hvort laga ætti meginreglur um opinbera málsmeðferð í þessum málaflokki eftir vilja brotþolans. Kristín kvað það grundvallarreglu í samfélaginu að málsmeðferð fyrir dómstólum væri opinber og með betra aðgengi að upplýsingum myndi traust til réttarkerfisins aukast.

Í lokin

Þátttakendur voru almennt sammála um að frumvarpsdrög dómsmálaráðherra fælu í sér margvíslegar réttarbætur fyrir brotþola en ítrekað kom fram hve langur málsmeðferðartími væri í kynferðisbrotamálum og hversu íþyngjandi hann væri fyrir brotþola. Hátt í 150 lögfræðingar sóttu þingið sem var haldið í Iðnó.

[Arnar Vilhjálmur Arnarsson og Eyrún Ingadóttir tóku saman.](#)

juris

 **LMG**
LÖGMENN | LEGAL SERVICES

 **KVÍKA**

 **Mörkin** lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · www.law.is

BBA // FJELDGO


Lögfræðistofa Reykjavíkur

ÓSKABARN HINS FULLVALDA RÍKIS EÐA PÓLÍTÍSKT BITBEIN?

Út er komin saga Hæstaréttar. Ef einhver heldur að þar sé á ferðinni leiðinleg eða þunglamaleg lesning þá er það hinn mesti misskilningur. Frekar er hægt að tala um spennandi sögu sem speglar hið pólitíska landslag þessa öld sem Hæstiréttur hefur starfað. Þar koma stjórnámálaskörunar 20. aldar við sögu, s.s. Jónas frá Hriflu sem vildi leggja Hæstarétt niður og Vilmundur Gylfason sem sagði að Hæstiréttur væri varðhundur kerfisins en ekki vörn fólksins. Sagan er mikilvægt framlag til sögu Íslands eftir að landið öðlaðist fullveldi árið 1918 þar sem dómsvaldinu er gefinn sérstakur gaumur en áherslan hefur oftast verið á löggjafar- og framkvæmdavaldið.



HÖFUNDURINN ER ARNÞÓR GUNNARSSON SAGNFRÆÐINGUR EN HANN HEFUR ÁÐUR RITAÐ FJÖLDA BÓKA OG GREINA, Þ.M.T. SÖGU HAFNAR Í HORNAFIRÐI. HÆSTIRÉTTUR Í HUNDRAÐ ÁR – SAGA VAR NÝLEGA TILNEFND TIL VIÐURKENNINGAR HAGÞENKIS. Í UMSÖGN SEGIR AÐ AFMÆLISRITIÐ GRAFI UPP FORVITNILEGAR OG OFT ÓVÆNTAR HLIÐAR Á SÖGU ÆÐSTA DÓMSTÓLS SJÁLFSTÆÐS ÍSLANDS. EYRÚN INGADÓTTIR SPURÐI ARNÞÓR NÁNAR ÚT Í SÖGURITUNINA.

Dýrmætt sjálfstætt dómssvald

Áður en þú byrjar hina sögulegu umfjöllun um aðdraganda og stofnun Hæstaréttar ferð þú nákvæmlega yfir skilgreiningu á réttarríkinu og sækir þar í heimildir okkar helstu lagaspekinga. Þurftir þú, sagnfræðingurinn, að lesa þig mikið til um réttarríkið? Eins ferðu yfir dómssvaldið frá dögum Þjóðveldisins, af hverju fannst þér mikilvægt að lesendur fengju yfirsýn yfir dómssvald frá upphafi byggðar?

„Hvað forsöguna varðar þá finnst mér mikilvægt fyrir mig sem höfund og líka fyrir lesendur að þekkja meginlífnar í forsögunni vegna þess að það dýpkar skilning okkar á aðalatriðinu: Sögu Hæstaréttar Íslands. Þannig áttum við okkur vonandi betur á því hversu dýrmætt sjálfstætt dómssvald er og getum betur lagt sjálfstætt mat á mikilvægi þess, t.d. þegar stjórnáamenn vísa til fortíðar en fara jafnframt frjállega með staðreyndir eins og stundum vill gerast.

Varðandi réttarríkið og önnur mikilvæg lögfræðileg hugtök í þessari sögu þá las ég mér til um þau, reyndi að styðjast við a.m.k. tvær heimildir varðandi hvert og eitt hugtak, lét þó oftast íslenskar heimildir nægja svo framarlega sem þær byggðu á erlendum heimildum að einhverju leyti. Það er mikilvægt að skoða þessi hugtök í íslensku eða norrænu samhengi. Þegar ljóst var að slík hugtök kæmu fyrir í meginköflum verksins eða skiptu máli til skilnings á efni þeirra, þá reyndi ég að útskýra þau í kafla II, á eftir innganginum, til þess að hafa ekki of mikið af þess háttar skýringum í meginköflunum.“

Flokks- eða stéttadómstóll?

Ætla mætti að Íslendingar hefðu fagnað þessu óskabarni hins fullvalda ríkis en því var ekki að heilsa. Greina má fálæti og tortryggni í ýmsum samtímaheimildum og Hæstiréttur varð pólitískt bitbein. Af hverju telur þú það hafa stafað? Var hann „skakkt settur á laggirnar“ og gerður að „flokksdómi“ eins og Magnús Torfason sagði á Alþingi árið 1932?

„Fálætið og tortryggnin komu ekki síst til af því að hæstaréttardómararnir voru taldir þjóna íhaldinu. Þar með væri Hæstiréttur eins konar flokks- eða stéttadómstóll og almenningur gæti varla vænst réttlætis á þeim bæ. Þannig var að minnsta kosti orðræða forystumanna Alþýðuflokksins og róttækari arms Framsóknarflokksins sem Jónas Jónsson frá Hríflu fór fyrir. Að sumu leyti var þessi tortryggni skiljanleg enda lágu rætur hennar dýpra. En Jónas og fleiri gerðu meira úr þessu en efni stóðu til og ólu þannig á tortryggni sem átti ekki alltaf rétt á sér. Mér finnst fullyrðing Magnúsar hæpin nú þegar ég hef skoðað þetta og reyndar var honum bent á það með rökum að þetta stæðist ekki skoðun.“

Ófriður á upphafsárum

Kaflinn um tímabilið frá 1920-1935 kallar þú baráttuna um Hæstarétt, og fjallar þar um pólitísk hitamál sem vörðudu dómstólinn. Var sjálfstæði Hæstaréttar ógnað strax í upphafi af pólitísku valdabrölti?

„Pólitískur ófriður í kringum Hæstarétt á upphafsárum hans var auðvitað óheppilegur. Þá þegar fóru að heyrast stef sem áttu eftir að óma hærra nokkrum árum síðar, t.d. um að það þyrfti að hreinsa til í Hæstarétti. Þegar fram í sótti, sérstaklega eftir að Jónas frá Hríflu varð dómsmálaráðherra árið 1927, magnaðist þessi óróleiki svo mikið að sjálfstæði réttarins var ógnað. Þarna þarf að hafa í huga stöðu þeirra sem harðast gengu fram og þau hagsmunaoöfl sem þar voru að baki. Í aðra röndina var þetta valdabrölt, hluti af víðtækari baráttu um nýfengið vald á pólitíska sviðinu en einnig á viðskiptasviðinu og víðar í hinu unga fullvalda ríki. Hæstiréttur lendir þarna milli á milli steins og sleggju. Það er því ekki tilviljun, að mínum dómi, að þegar sambúð samvinnumanna og Framsóknarmanna annars vegar og kaupmanna og íhaldsins hins vegar varð friðsamari eftir miðjan fjórða áratuginn, þá skapaðist loks tiltölulega góður friður um Hæstarétt.“

Sjálfstæði dómssvaldsins

Stjórnámal og afskipti stjórnámalanna koma víða við sögu í þessum aldarspegli. M.a. fjallar þú um hugmyndir Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um endurskoðun dómstólalaga árið 2003 þar sem ætlunin var m.a. að láta ráðherra skipa forseta Hæstaréttar. Finnst þér afskipti stjórnámalanna hafa verið of mikil í kringum dómssvaldið og myndir þú telja að Hæstiréttur hafi á einhverjum tímápunkti verið pólitískur?

„Ég myndi frekar segja viðleitni Björns Bjarnasonar, því ég tel nokkuð ljóst að þetta hafi verið að undirlagi Davíðs Oddssonar. Þessi flétta þeirra minnir svolítið á það þegar Jónas frá Hríflu lagði fram fimmtardómssfrumvarpið. Þá var Jónas ekki bara dómsmálaráðherra heldur í reynd valdamesti maður landsins. Björn var dómsmálaráðherra á sínum tíma og Davíð valdamesti maður landsins.

Já, mér finnst afskiptin stundum hafa verið á neikvæðum, óuppbyggilegum og pólitískum forsendum. Mér finnst hæpið að halda því fram að Hæstiréttur hafi á einhverju tímabili verið pólitískt verkfæri eða beinlínis þjónað tilteknum pólitískum öflum en ætla heldur ekki að þræta fyrir að pólitík hafi aldrei litað dóma réttarins í hundrað ára sögu hans. Almennt séð hef ég þá tilfinningu eftir að hafa skrifað sögu Hæstaréttar að rétturinn hafi leitast við að

standa vörð um eigið sjálfstæði og sjálfstæði dómsvaldsins í landinu.“

Umfjöllun um söguna stöðvuð

Í kaflanum „Til móts við nýja öld“ fjallar þú um tímabilið 1999-2020 og m.a. um gagnrýni Jóns Steinars Gunnlaugssonar á Hæstarétt. Í sögunni bendir þú m.a. á ýmis líkindi með gagnrýni Jóns Steinars og Jónasar frá Hriflu áratugum fyrr en Jón Steinar hefur einmitt gagnrýnt söguna opinberlega með grein í Morgunblaðinu 10. febrúar sl. Eins skrifaði Björn Bjarnason fu. ráðherra ritdóm sem birtist í Morgunblaðinu 9. mars þar sem hann gagnrýnir þig fyrir að vitna í nafnlausu heimildarmenn og útprentun á einkatölvubréfum þegar þú ræðir um vinnuskjal sem fór aldrei formlega út úr dómsmálaráðuneytinu. Hvað finnst þér um þessa gagnrýni?

„Efnislega er fátt eða ekkert nýtt í gagnrýni Jóns Steinars í Morgunblaðinu 10. febrúar síðastliðinn, nema það að Hæstiréttur hafi fengið „sakleysingja úr röðum sagnfræðinga til að tala fyrir sína hönd,“ eins og hann orðar það, og að hæstaréttardómarmennirnir hafi stjórnað skrifum mínum. En þar missir hann marks og ekkert meira um það að segja. Annars fjalla ég nokkuð ítarlega um gagnrýni Jóns Steinars á Hæstarétt í bókinni og styðst þar við bækur og blaðagreinar eftir hann. Hitt er annað mál að fljótlega eftir að bókin kom út sagði Morgunblaðið frá útkomu hennar í stuttri og svolítið brenglaðri frétt, skömmu síðar var ítarlegri umfjöllun blaðsins um bókina stöðvuð, væntanlega af ritstjórum þess, með þeim orðum að ekki yrði meira fjallað um hana í blaðinu að svo stöddu. En svo birtist ritdómur Björns sem er eins og við mátti búast af hans hendi. Telja ritstjórar blaðsins og Björn, sem eitt sinn gegndi embætti dómsmálaráðherra, að hann sé rétti maðurinn til að skrifa ritdóm um bókina? Birni er mikið í mun að gera lítið úr vafasömum afskiptum stjórnmalamanna af dómsvaldinu. Þegar helstu ráðamenn þjóðarinnar reyna að ráðskast með dómsvaldið að eigin vild og jafn laumulega og raun ber vitni er ekkert athugavert við það að sagnfræðingur vísi til þeirra heimilda sem Björn nefnir, ekki ósvipað því sem rannsóknarblaðamenn gera. Björn hefði mátt upplýsa lesendur Morgunblaðsins um það að þarna er hann að verja sjálfan sig.“

Ritnefnd og ráðgjafarhópur

Ef við snúum okkur að ritun bókarinnar þá var sérstök ritnefnd skipuð af Hæstarétti en að auki fékkst þú þrjá sagnfræðinga til ráðgjafar, til að tryggja sjálfstæði þitt sem höfundar og að ritið stæðist sem best faglegar kröfur. Af hverju taldir þú það nauðsynlegt?

„Ég fékk þau skilaboð um leið og mér var boðið þetta verkefni að hvorki ritnefndin né Hæstiréttur ætluðu að ritstýra mér heldur fengi ég frjálssar hendur við að móta verkið og skrifa það. Þetta kunni ég að meta enda er fræðilegt frelsi hverjum sagnfræðingi mikilvægt. Ég átti í góðum samskiptum við ritnefndina en þar kom að mér þótti nauðsynlegt að fá meiri faglegan sagnfræðilegan stuðning enda einskorðaðist þessi saga, eins og ég vildi skrifa hana, ekki við starfsemi Hæstaréttar. Úr varð að Gunnar Þór Bjarnason, Helgi Skúli Kjartansson og Ragnheiður Kristjánsdóttir voru fengin til að skipa ráðgjafahóp sem reyndist mér góður liðstyrkur. Þegar þarna var komið hafði ég mótað verkið í stórum dráttum og var kominn nokkuð vel af stað með skrifin. Ráðgjafarnir lásu drög að öllum köflum verksins, lásu þá aftur í lokagerð og komu með fjölmargar góðar ábendingar sem ég lagði mig fram um að taka tillit til. Að eiga þetta samtál var afar mikilvægt fyrir mig í svo mörgu tilliti, t.d. við að setja tiltekin atriði í stærra sögulegt samhengi. Eftir sem áður gat ég alltaf leitað til ritnefndarinnar ef mig vantaði tilteknar upplýsingar eða aðstoð við að átta mig á lagatæknilegum atriðum. Allir sem ég leitaði til og þau sem komu að vinnslu verksins á lokastigum eiga að öllu samanlögðu stóran þátt í þessu verki.“

Sláandi frumvarp um aldamótin

Að lokum, kom eitthvað á óvart við ritun sögunnar?

„Já, ég get nefnt sem dæmi mál Lárusar Jóhannessonar hæstaréttardómara, víxilmálið eins og ég kalla það. Það reyndist vera miklu umgangsmeyra en ég hafði gert mér grein fyrir. Mér finnst þetta mál á margan hátt upplýsandi um íslenskt samfélag, t.d. félagslega lagskiptingu, hagsmunatengsl, pólitíska samtryggingu og bankaviðskipti á gráu svæði. Einnig kom mér á óvart hve baráttan um Hæstarétt, með orðum Jónasar frá Hriflu, var hörð og stóð lengi yfir. Ég átti heldur ekki von á að það væri svona mikill matur í tímabilinu frá því um aldamótin 2000 fram að aldarafmælinu árið 2020. Ég gæti nefnt fleira, t.d. hve hlutverk Hæstaréttar var mikið varðandi tilnefningar í nefndir og ráð og að dómsmálaráðuneytið hafi leitað umsagnar Hæstaréttar um náðanir allt til ársins 1949, það er nokkuð sem vert væri að skoða nánar. Að dómsmálaráðuneytið hafi eftir aldamótin 2000 undirbúið frumvarp til laga sem ætlað var að gera Hæstarétt háðari framkvæmdarvaldinu kom mér líka í opna skjöldu, mér fannst það sláandi. Yfirhöfuð kom mér skemmtilega á óvart hve margar hliðar voru á verkefninu og hve gaman var að fást við það.“

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU: NÝTT MÁLSMEÐFERÐAR- KERFI FYRIR NÝJAN ÁRATUG

EFTIR RÓBERT R. SPANÓ, FORSETA MANNRÉTTINDADÓMSTÓLS EVRÓPU,
OG HILDI HJÖRVAR, LÖGFRÆÐING HJÁ DÓMSTÓLNUM

Áratugurinn sem nú fer í hönd markar tímamót í sögu Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE). Nú um stundir, þegar sjálfstæði dómsvaldsins á víðast hvar undir högg að sækja og tiltrú borgaranna á dómskerfinu skiptir því sífellt meira máli í aðildarríkjum Evrópuráðsins, er mikilvægt að evrópska mannréttindakerfið standi undir væntingum, bæði hvað varðar þann tíma sem það tekur dómstólinn að leysa úr málum og hvað varðar gæði dómsúrlausna. Í tíð núverandi forseta MDE var því tekið til við að endurskoða málsmeðferðarkerfi MDE í heild sinni. Afrakstur af þeirri vinnu var nýtt kerfi sem ýtt var úr vör í ársbyrjun 2021 og fjallað verður um í þessari grein. Til að útskýra hið nýja kerfi er mikilvægt að byrja á sögulegu yfirliti.

Frá hinum gamla Mannréttindadómstól til hins nýja

Mannréttindasáttmáli Evrópu (MSE) var undirritaður árið 1950. Með honum var komið á fót alþjóðlegu eftirlitskerfi til að tryggja að aðildarríkin virtu skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum. Þetta kerfi fól í sér nýjung að þjóðarétti í Evrópu eftirstríðsáranna og var stórt skref í átt að vernd mannréttinda í álfunni. Fyrstu fjörutíu ár starfseminnar var kerfið greint í tvo hluta: Þau mál sem bárust fóru fyrst í gegnum mannréttindanefnd Evrópuráðsins sem síaði og vísaði hluta þeirra áfram til dómstólsins sem borgararnir höfðu þannig ekki beinan aðgang að.

Í kjölfar inngöngu fjölda ríkja Mið- og Austur-Evrópu í Evrópuráðið eftir fall Berlínarmúrsins á árinu 1989 var tekið til við að gera umbætur á eftirlitskerfinu. Í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar hófust viðræður milli

aðildarríkjanna sem leiddu til samþykktar 11. viðauka við sáttmálann. Tilgangurinn með honum var tvíþættur: Annars vegar að gera réttinn til að kæra mál beint til dómstólsins að órjúfanlegum hluta kerfisins með því að gera hann að föstum, varanlegum dómstól, skipuðum dómurum í fullu starfi, og hins vegar að leggja af þátttöku mannréttindanefndarinnar í málsmeðferðinni. Að fenginni tæplega fjörutíu ára reynslu af MSE þótti nauðsynlegt að gera lögsögu dómstólsins skyldubundna fyrir aðildarríkin og gera kærendur jafnsetta aðildarríkjunum í málsmeðferð fyrir dómstólnum. Fram að þessu hafði gangverk mannréttindakerfisins verið afar flókið og snerust breytingarnar að vissu leyti um að gera kerfið lýðræðislegra og gegnsærra. Hinn „nýi“ Mannréttindadómstóll Evrópu (the New Court), eins og hann er gjarnan kallaður, tók til starfa árið 1998. Þetta var fyrsta heildarendurskoðun mannréttindakerfisins frá stofnun MDE árið 1959.

Áskoranir í starfsemi hins nýja dómstóls

Á fyrstu tíu árum starfsemi hins nýja MDE fjölgaði bæði nýjum kærumálum (úr 8.400 árið 1999 í næstum 50.000 ný kærumál árið 2008) og einnig þeim kærum sem biðu afgreiðslu fyrir dómstólnum (næstum 100.000 í árslok 2008). Þannig tífaldaðist fjöldi kærumála sem biðu afgreiðslu dómstólsins á tíu ára tímabili.

Dómstólnum mættu fljótt ýmsar áskoranir. Fjöldi nýrra kærumála sem honum bárust varð fljótt slíkur að í kringum árið 2010 var algengt að heyra því kastað fram að dómstóllinn væri fórnarlamb eigin velgengni – og ekki að



ástæðulausu. Árið 2011 biðu hvorki fleiri né færri en 161.000 kæruráðgjafi afgreiðslu. Þessi gríðarlegi málafjöldi hamlaði dómstólnum að afgreiða alvarlegustu málin innan hæfilegs tíma; kæruráðgjafi sem vörðudu alvarleg mannréttindabrot eða sem vörpuðu fram áleitnum spurningum um túlkun MSE. Þörf var á frekari umbótum og var þeim hrint af stað með Interlaken-ferlinu (the Interlaken Process) svokallaða, sem dregur nafn sitt af ráðherrafundi er haldinn var í samnefndri borg í Sviss 18. og 19. febrúar 2010. Þetta ferli stefndi að því að endurskipuleggja eftirlitskerfið og auka framleiðni þess. Umbæturnar urðu þó að standa vörð um rétt einstaklinga til að kæra mál til dómstólsins, enda er sá kæruréttur hornsteinn kerfisins.

Interlaken-áratugurinn, sem hófst árið 2011, var afar veigamikill fyrir þróun MDE og árangurinn af honum var umtalsverður. Meðan á honum stóð ítrekuðu aðildarríkin skuldbindingu sína gagnvart sáttmálanum og dómstólnum á ráðherrafundum í Izmir (2011), Brighton (2012), Brussel (2015) og Kaupmannahöfn (2018).

Þrjú viðaukar við sáttmálann litu dagsins ljós á þessu tímabili. Annars vegar voru það 14. og 15. viðauki, sem tóku gildi 1. júní 2010 og 1. ágúst 2021 og gerðu breytingar á málsmeðferð fyrir dómstólnum. Hins vegar var það hinn valkvæði 16. viðauki, sem tók gildi 1. ágúst 2018 í kjölfar þess að tíu aðildarríki höfðu fullgilt hann. Sextándi viðauki heimilar æðstu dómstólum aðildarríkjanna að leita ráðgefandi álits dómstólsins á spurningum sem varða túlkun og beitingu MSE. Í dag hafa alls sextán aðildarríki

fullgilt viðaukann. Er það von núverandi forseta MDE að ekki sé langt að bíða þess að Ísland verði þeirra á meðal.

Breyttar starfsaðferðir til að mæta breyttum tímum

Allt frá upphafi Interlaken-ferlisins hefur það verið forgangsmál hjá MDE að breyta málsmeðferðarkerfi dómstólsins þannig að kerfið verði skilvirkara og gæði þess aukist. Sett var á fót sérstök deild til að sía ný mál (filtering section), verkferlar voru endurbættir og hagrætt var í meðferð mála til að auka skilvirkni og til að vinna úr þeim mikla fjölda kæra sem safnast höfðu upp. Jafnframt greip dómstóllinn til ýmissa aðgerða til að kynna grundvallarreglur sáttmálans betur í aðildarríkjunum og bæta upplýsingagjöf, til að mynda útgáfu samantekta um einstök svið dómaframkvæmdarinnar og útgáfu umfangsmikilla leiðbeiningarbæklinga um hvert ákvæði sáttmálans fyrir sig. Bæði eru þetta gagnleg tól fyrir lögfræðinga og aðra sem starfa við mannréttindavernd.

Af þeim breytingum sem nýst hafa hvað best til að takast á við aukinn fjölda kæruráðgjafa má sérstaklega nefna málsmeðferð fyrir stökum dómara (single judge), sem kynnt var til sögunnar með áðurnefndum 14. viðauka um mitt ár 2010, og leiðsögudóma (pilot cases), að ógleymdri nútímavæðingu starfsaðferða dómstólsins. Allt hafa þetta verið ómissandi tæki til að takast á við gríðarlega fjölgun kæruráðgjafa.

Interlaken-ferlið, sem hófst 2010 og lauk formlega í Aþenu í nóvember 2020, hafði mikil áhrif til hins betra hvað varðar

allar starfsaðferðir dómstólsins. Þökk sé þeim endurbótum sem hafa verið gerðar hefur kæruráðgjafi fækkað um allt að 90-100.000. Nú bíða um 71.000 kæruráðgjafi úrlausnar.

Á þessu sama tímabili var einnig sett upp forgangskerfi til að flýta meðferð og úrlausn þeirra mála sem eru hvað þýðingarmest, alvarlegust og mest áriðandi. Samkvæmt þessu forgangskerfi greinast mál í sjö flokka, frá þeim teljast mest áriðandi (flokkur I), s.s. mál er varða réttinn til lífs, bannið við pyndingum eða annarri illri meðferð eða mál þar sem kærandi er frelsissviptur, til þeirra minnst mikilvægu (flokkur VII). Mál sem falla í flokka I til III eru að meginstefnu til afgreidd með dómum eða ákvörðunum sjö dómara deildar. Mál sem eru samkynja eða eðlislík öðrum málum sem MDE hefur afgreitt og eru augljóslega ekki tæk til efnismeðferðar falla í flokka V til VII. Þau eru afgreidd hratt í gegnum tiltekna síunarferla (filtering mechanisms), þökk sé starfsaðferðum sem teknar voru upp í Interlaken-ferlinu. Í dag er ætlunin að beita þessum aðferðum áfram og jafnframt að gera þær afkastameiri og markvissari.

Hið nýja kerfi „áhrifamála“

Í dag, rúmum áratug eftir að Interlaken-ferlið hófst, er aðaláhyggjuefnið ekki lengur fjöldi nýrra kæruráðgjafi fyrir dómstólnum eða uppsafnaður fjöldi mála sem bíða afgreiðslu. Lögsaga MDE nær til allt að 820 milljón manns í 47 aðildarríkjum. Í slíku kerfi verður heildarmálafjöldinn ávallt umtalsverður, þar sem réttur kæranda til að bera mál undir dómstólinn er verulega ríkur. Ekki er því lengur talin þörf á að endurskoða kerfið í grundvallaratriðum; sjónarhornið hefur breyst. Mælikvarði á árangur dómstólsins er nú ekki aðeins sá fjöldi mála sem afgreidd eru, heldur einnig og jafnvel fremur sá hvernig dómstóllinn tekur á mikilvægustu málunum. Vitaskuld þarf stöðugt að halda áfram að leita nýrra leiða til að minnka málahlutféllinguna en á sama tíma þarf dómstóllinn að tryggja að hann sé í stakk búinn til að takast á við mikilvægustu mál inna hæfilegs tíma.

Stór flokkur mikilvægra kæruráðgjafi passar ekki inn í neinn af forgangsflokkunum (I til III). Þar er um að ræða mál sem alla jafna eru tæk til efnismeðferðar og eru sérstaklega mikilvæg fyrir viðkomandi kæranda eða aðildarríki, eða fyrir þróun sáttmálakerfisins, en teljast ekki strangt tiltekið til efnismeðferðar og gildandi kerfi. Slík mál hafa til þessa fallið saman undir forgangsflokk IV, en þau eru nú um 19.000 talsins. Flest mál sem rata fyrir yfirdeild dómstólsins eru mál sem í upphafi eru skráð í þennan flokk (IV). Þá má sem dæmi nefna að flest þau íslensku mál sem dæmd hafa

verið af sjö manna deild á undanförunum árum hafa verið skráð upphaflega í flokk IV, fyrir utan Landsréttarmálið svokallaða sem var þegar skráð í forgangsflokk II við móttöku kærunnar og hlaut auk þess flýtimeðferð á grundvelli 41. gr. málsmeðferðarreglna MDE (Guðmundur Andri Ástráðsson gegn Íslandi [GC], nr. 26374/18, 1. desember 2020).

Meðal málsmeðferðartími kæruráðgjafi í flokki IV sem lokið hefur verið með dómi eða ákvörðun sjö manna deildar, eftir að greinargerð hefur verið óskað frá aðildarríki (communication), hefur verið 5-6 ár. Slík staða er ekki ásættanleg. Af þeim sökum hefur dómstóllinn nú sett á laggirnar nýtt málsmeðferðarkerfi, frá og með 1. janúar 2021, þar sem kæruráðgjafi sem falla í flokk IV við skráningu eru sérstaklega skoðuð með það í huga hvort þau teljist svokölluð „áhrifamál“ (impact case). Ef svo er, sæta þau sjálfvirkri flýtimeðferð. Um 600 kæruráðgjafi hafa nú þegar verið skilgreind sem áhrifamál, þar á meðal nokkur íslensk mál. Skilyrði þau sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort kæruráðgjafi falli í þennan flokk verða ekki tæmandi talin. Til dæmis verður litið til þess hvort úrlausn máls geti orðið til þess að þörf sé á breytingum á lögum eða framkvæmd laga innan aðildarríkis eða á alþjóðavettvangi. Þá geta verið uppi spurningar um samfélagsmálefni eða um tækninýjungar sem dómstóllinn hefur aldrei tekist á við. Í öðrum tilfellum eru uppi á teningnum nýjar og áleitnar spurningar um mannréttindi, svo sem í málum á sviði umhverfismála, málum er varða afleiðingar farsóttarinnar eða málum þar sem reynir á grunnreglur réttarríkisins, eins og um sjálfstæði dómstóla.

Þetta nýja málsmeðferðarkerfi MDE stefnir að tveimur nátengdum markmiðum

Í fyrsta lagi stefnir það að því að hin hefðbundnu forgangsmál, í flokkum I til III, og hin nýju áhrifamál, fái meðferð og úrlausn enn hraðar en nú er. Greina þarf áhrifamál eins fljótt og auðið er við skráningu og fylgja meðferð þeirra vel eftir innan dómstólsins. Snögg greining slíkra mála mun sömuleiðis hafa í för með sér að fyrir verði óskað greinargerðar af hálfu aðildarríkja sem í hlut eiga. Það hefur í för með sér stífari eftirfylgni, sem verður að hefjast um leið og dómstóllinn fær mál til meðferðar. Sá tími sem líður frá því að mál berst dómstólnum og þar til aðildarríkið sem í hlut á er beðið um að skila greinargerð verður þannig stytur eins mikið og mögulegt er. Þegar málsmeðferð milli aðila hefur hafist og greinargerðum hefur verið skilað verða mál tekin til umfjöllunar annað hvort af sjö dómara deild eða af þriggja dómara nefnd. Nefndir verða áfram notaðar af dómstólnum í einfaldari málum og þær munu beita þeirri

dómaframkvæmd sem dómstóllinn hefur þróað hingað til. Samandregið er helsta markmið hins nýja kerfis það að stytta málsmeðferðartíma í áhrifamálum niður í allt að 18 mánuði frá skráningu, en gert er ráð fyrir að það taki MDE 2-4 ár að ná því markmiði. Um er að ræða mikilvæga breytingu á starfsemi dómstólsins og hefur þetta verið helsta forgangsmál núverandi forseta MDE frá því hann tók við embættinu 18. maí 2020.

Í öðru lagi mun MDE, í þessu nýja málsmeðferðarkerfi, leggja aukna áherslu á að kveða upp styttri og skorinortari dóma og ákvarðanir í þeim málum sem tekin verða fyrir af nefndum, til að flýta fyrir meðferð þeirra (summary judgments and decisions). Sú einföldun varðar einkum þau mál sem eftir standa, það er að segja mál sem hvorki falla undir forgangsflokka I til III, né teljast til áhrifamála. Hvað varðar þessi eftirstandandi mál verða þau að meginstefnu til tekin fyrir af þriggja dómara nefndum, frekar en af sjö dómara deildum.

Hið nýja málsmeðferðarkerfi MDE er ekki til komið af tilviljun. Það er svar dómstólsins við því ákalli aðildarríkjanna sem sett var fram í yfirlýsingu á ráðherrafundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn árið 2018. Í þessari yfirlýsingu undirstrikuðu aðildarríkin mikilvægi þeirrar nálgunar dómstólsins að einbeita sér að kærumálum sem vekja upp mikilvægar spurningar og hafa víðtæk áhrif á mannréttindavernd í hverju ríki. Í yfirlýsingunni var dómstóllinn sömuleiðis hvattur til þess að halda áfram að leita leiða til að takast á við málafjöldann með skýru forgangskerfi, í samráði við aðildarríkin, þar á meðal með

því að leysa úr einfaldari málum með skjótvirkari hætti, að teknu tilliti til réttinda málsaðila. Það er nákvæmlega það sem stefnt er að með nýja málsmeðferðarkerfinu.

Evrópa gengur um þessar mundir í gegnum breytingar sem eru eflaust þær mestu sem álfan hefur staðið frammi fyrir síðan í seinni heimsstyrjöldinni, hvort heldur litið er til samfélagslegra breytinga eða tæknibreytinga. Á sama tíma horfum við upp á meiri klofning og óeiningu innan aðildarríkjanna heldur en sést hefur lengi. Nú síðast hefur heimsfaraldur COVID-19 bæst við, með öllum þeim nýju vandamálum sem hann hefur haft í för með sér. Leitað er til MDE í sífellt meira mæli til að svara spurningum sem uppi eru í lýðræðislegri umræðu innan aðildarríkja Evrópuráðsins. Á hverju ári rekur spurningar um viðkvæm og mikilvæg málefni á fjörur dómstólsins, sem verður að taka afstöðu til nýstárlegra og iðulega flókinna álitaefna. Frá stofnun evrópska mannréttindakerfisins hefur yfir milljón kærumálum verið vísað til dómstólsins og dómstóllinn hefur kveðið upp ákvarðanir og dóma í yfir 900.000 málum. Þessi mikli fjöldi er vitnisburður um það traust sem borgararnir hafa borið til dómstólsins undanfarin sextíu ár. Fjölgun mála er ekki á undanhaldi og kærendur bíða skjótra svara. Áriðandi er að dómstóllinn geti svarað kallinu innan hæfilegs tíma. Það er helsta markmið MDE fyrir þann áratug tuttugustu og fyrstu aldarinnar sem nú fer í hönd.

Ásar - þýðingar og túlkun slf.

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkjur og skjalapýðandi, EU-ACI

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.
Aðili að rammisamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717
Netfang: ellening@simnet.is

FORMSKILYRÐI KÆRU TIL MDE OG ALGENG MISTÖK VIÐ FRÁGANG HENNAR

RANNVEIG STEFÁNSDÓTTIR FV. LÖGFRÆÐINGUR MDE



Árlega berast Mannréttindadómstól Evrópu tugþúsundir kæra gegn aðildarríkjum Evrópuráðsins. Fjöldi þessara kæra er vísað frá dómstólnum vegna þess að þær uppfylla ekki formskilyrði fyrir kærur samkvæmt reglum dómstólsins.

Í árslok 2013 voru gerðar breytingar á reglu 47 í reglum dómstólsins þar sem tekin voru upp strangari skilyrði um form og efni kæra en breytingarnar tóku gildi í ársbyrjun 2014. Í reglu 47 eru settar fram ítarlegar kröfur sem kæra þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi en þetta var gert til að auka skilvirkni dómstólsins. Eftir að breytingarnar tóku gildi hafa allt að 23% af árlegum heildarfjölda kæra verið vísað frá dómstólnum þar sem þær uppfylltu ekki formskilyrði. Árið 2015 var 52% af heildarfjölda kæra sem bárust gegn Íslandi vísað frá dómstólnum og má leiða líkum að því að ástæðan hafi verið sé sú að kærendur og lögmenn höfðu ekki aðlagast hinum nýju reglum.¹

Formskilyrði

Helstu formskilyrði fyrir gildri kæru eru að nota skal nýjustu útgáfu kærueyðublaðs sem dómstóllinn gefur út. Fylla þarf út alla liði eyðublaðsins sem eiga við um viðkomandi kæranda og allar upplýsingar skulu koma fram á eyðublaðinu sjálfu, ekki meðfylgjandi skjölum. Þær upplýsingar sem koma fram á kærueyðublaðinu eiga að vera nægar til að meta

¹ Hlutfall kæra sem hefur verið vísað frá var 32% árið 2016, 20% árið 2017, 8% árið 2018, 15% árið 2019, 4% árið 2020 og 14% árið 2021.

hvort kæran uppfylli formskilyrði og hvort mál sé tækt til efnismeðferðar. Skrifa skal læsilega og skiljanlega. Leitast skal við að vera skýr og gagnorður og sleppa öllum óþarfa útskýringum eða atvikum sem ekki skipta máli. Þá skulu vera upprunalegar undirskriftir í öllum liðum þar sem undirritunar er krafist. Með kærueyðublaðinu skal senda öll skjöl sem styðja málsatvicalýsingu, sem sýna fram á tæmingu réttarúrræða í viðkomandi aðildarríki og um að kæra sé send til dómstólsins innan kærufrests. Þá þarf að pósthleggia kærana í bréfpósti, í frumriti, ásamt öllum fylgiskjölum til dómstólsins, innan kærufrestsins sem kemur fram í 1. Mgr. 35. Gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Ef kæra er send til dómstólsins á annan máta t.d. gegnum bréfsíma, kemur það ekki í veg fyrir að kærufrestur renni út.

Á kærueyðublaðinu sjálfu eru skýringar um útfyllingu þess. Þar að auki hefur dómstóllinn gefið út ítarlegar skýringar, varðandi útfyllingu eyðublaðsins, þar sem farið er yfir hvernig skuli fylla út sérhvern hluta þess. Kærueyðublaðið og þessar skýringar eru nú fáanlegar á íslensku og eru birtar á heimasíðu dómstólsins. Þrátt fyrir þetta virðast mistök við útfyllingu kæra, sem berast dómstólnum, enn verða í töluverðum mæli ef miðað er við þann fjölda kæra sem vísað er frá dómstólnum árlega.

Árið 2016 gaf dómstóllinn út lista yfir algengustu mistök er varða formskilyrði sem gerð eru við frágang kæra. Hvað varðar kærana sjálfa er algengt að kærueyðublað dómstólsins sé ekki notað eða ekki nýjasta útgáfa þess. Önnur algeng mistök varða einstaka hluta eyðublaðsins. Eitt af algengustu mistökum sem dómstóllinn telur til er að ekki er hakað við það eða þau aðildarríki sem kæra beinist að.

Undirskriftir

Á þessu stigi máls getur einstaklingur kosið að hafa ólöglerðan fyrirvarsmann og/eða lögmann en það er þó ekki skilyrt. Helstu mistök hvað þetta varðar eru þau að undirskriftir í umboðslið eyðublaðsins eru ekki upprunalegar, heldur ljósritaðar eða skannaðar. Þá er algengt að upplýsingar um fyrirvarsmenn komi ekki fram á sjálfu kærueyðublaðinu heldur er sérstakt umboðseyðublað látið fylgja kæru. Hvað varðar kærendur sem ekki eru einstaklingar, s.s. samtök eða félög, þá eru algengustu mistökin að fylla ekki út upplýsingar um fyrirvarsmann kæranda, eins og krafist er, og að sönnunargögn um rétt hans til að fara með málið fyrir hönd kæranda fylgja ekki með kærinni. Ef kærandi kys að hafa lögmann á þessu stigi málsins eru algengustu mistökin þau sömu og hjá kærendum sem eru einstaklingar, þ.e að undirskriftir í umboðshluta kærueyðublaðsins eru ekki upprunalegar og að upplýsingar um lögmann séu ekki fylltar út á sjálfu eyðublaðinu heldur á sérstöku umboðseyðublaði.

Efni kæru

Talsverður fjöldi mistaka tengjast þeim hlutum kærueyðublaðsins er varða efni kæru þ.e. málsatvikalýsingu, yfirlýsingu um meint brot á sáttmála og/eða samningsviðaukum og upplýsingum um að öll tiltæk réttarræði í viðkomandi aðildarríki hafi verið tæmd og að kærufrestur til dómstólsins skv. 1. mgr. 35. gr. MSE hafi verið virtur. Helstu mistök sem gerð eru í þessum hlutum kærueyðublaðsins eru að þessir hlutar eru ekki fylltir út, að vísað sé til viðauka við kærana hvað þessa hluta varðar eða að frásögn hefjist á eyðublaðinu sjálfu og haldi áfram í meðfylgjandi skjali. Þá er og algengt að umbeðin skjöl sem styðja frásögn kæranda eða sýna fram á að réttarræði í viðkomandi ríki hafi verið tæmd og kæra hafi verið send innan kærufrests, fylgi ekki með kærinni.

Skjalalista þarf að fylla út

Í kærueyðublaðinu er farið fram á að gerð sé skrá um öll skjöl sem fylgja kæru til dómstólsins, að skjölin séu læsileg, að þau hafi blaðsíðunúmer og sé raðað í tímaröð. Algeng

mistök sem gerð eru hvað þetta varðar er að skjalalistinn er ekki fylltur út, ekki séu sett blaðsíðunúmer og skjölum sé ekki raðað í tímaröð. Þá er algengt að undirskrift á lokablaðsíðu eyðublaðsins sé ekki upprunaleg eins og krafist er.

Ef gerð eru mistök við undirbúning kæru og henni vísað frá dómstólnum þá er heimilt að senda nýja gilda kæru, að því gefnu að það sé gert innan kærufrestsins. Það eru algeng mistök að ófullnægjandi kæra sé send aftur til dómstólsins. Þegar kæru er vísað frá vegna formgalla eru engin gögn geymd, öllu er fargað. Það er því ekki nægilegt að senda inn leiðréttingar á þeim mistökum sem gerð voru við undirbúning fyrri kærunnar. Senda þarf inn gilda kæru ásamt öllum viðeigandi fylgiskjölum að nýju.

Kærufrestur

Algeng mistök við undirbúning kæru er að hún er póslögð til dómstólsins á síðasta degi kærufrestsins. Ef kæru er svo vísað frá af dómstólnum á þeirri forsendu að hún uppfylli ekki formskilyrði er fresturinn liðinn og ekki tími til að senda inn nýja gilda kæru. Því er mjög mikilvægt að senda kæru til dómstólsins tímanlega, sérstaklega nú þegar kærufrestur hefur verið stytur.


Þann 1. febrúar 2022 styttist kærufrestur til dómstólsins í fjóra mánuði í samræmi við 15. viðauka við MSE. Þetta tekur til mála þar sem dagsetning lokaákvörðunar í viðkomandi aðildarríki er 1. febrúar 2022 eða síðar. Ef engin raunhæf úrræði eru til staðar er varða kæruefni telst fjögurra mánaða tímabilið vera frá degi athafnar, atviks eða úrlausnar sem varðar kæruefnið.

Hér hefur verið farið yfir helstu kröfur sem gerðar eru til gildrar kæru og algeng mistök við frágang hennar. Yfirferðin er ekki tæmandi um þau skilyrði sem gilda og því er mælt með að lesa ítarlegar leiðbeiningar dómstólsins auk þeirra reglna og laga sem gilda um kærur til dómstólsins, áður en kæra er fyllt út og send dómstólnum.



HIN GRÝTTA LEIÐ TIL ÖFLUNAR MÁLFLUTNINGSRÉTTINDA FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Nú stendur yfir námskeið til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum í 38. skiptið frá því núgildandi fyrirkomulag var tekið upp með lögum um lögmennt nr. 77/1998. Fyrsta réttindanámskeiðið var haldið árið 2000 og lengi framan af var haldið eitt námskeið árlega. Með tilkomu fleiri háskóla sem útskrifuðu nemendur með fullnaðarpróf í lögfræði var ákveðið að halda tvö námskeið árið 2007 og hefur sú tilhögun haldist óbreytt síðan.




Fjöldi skráðra þátttakenda á hdl. námskeiði frá árinu 2000 til 2021.

Heildarfjöldi þátttakenda sem lokið hafa prófraun, að meðtöldum þeim þreytt hafa einstök próf að nýju, hefur verið nokkuð breytilegur milli ára, eða allt frá 24 árið 2005 upp í 86 þátttakendur árin 2010 og 2014.

Á þeim námskeiðum sem haldin hafa verið frá árinu 2000 til loka árs 2021, hefur 1.351 þátttakandi verið skráður, 717 karlar (53,1%) og 634 konur (46,9%). Þrátt fyrir að kynjahlutfall þátttakenda sé tiltölulega jafnt á námskeiðunum (ef við höldum okkur aðeins við tvö kyn) hefur fjöldi karla að jafnaði verið meiri. Þannig hafa karlar 24 sinnum verið í meirihluta og konur 12 sinnum en á einu námskeiði var hlutfall kynjanna jafnt. Kynjahlutfallið er út af fyrir sig sjálfstætt rannsóknarverkefni í ljósi þeirrar staðreyndar að konur hafa um árabil verið í meiri hluta þeirra sem lokið hafa námi í lögfræði hér á landi. Sú spurning hlýtur einnig að vakna hvers vegna kynjahlutfall félagsmanna í Lögmannafélaginu hefur haldist nánast óbreytt síðustu 10 ár?

Rúmlega helmingur náð fullnægjandi árangri í fyrstu tilraun

Af þeim 1.351 þátttakanda sem skráður hefur verið á réttindanámskeiðið hafa aðeins 727 náð fullnægjandi árangri í fyrstu tilraun. Það svarar til 53,8% og skiptist upp í 400 karla, eða 55%, og 327 konur, eða 45%. Hinir 624, eða 46,2%, þátttakenda hafa ýmist þurft að reyna að nýju, og það jafnvel oft en einu sinni, eða hafa látið kyrrt liggja og hætt við



Hlutfall þeirra sem lokið hafa réttindanámskeiðinu með fullnægjandi hætti eftir kynjum árin 2000-2021.

réttindaöflunina. Af þessu má glöggst sjá að það getur reynst lögfræðingum töluverð hindrun að öðlast grunnréttindi til málflutnings enda ríkar kröfur gerðar til þekkingar þeirra.

Hlutfall þeirra sem lokið hafa réttindanámskeiðinu með fullnægjandi hætti eftir kynjum árin 2000-2021.

Sé hins vegar skoðaður heildarfjöldi þeirra sem náð hafa tilskyldum árangri frá árinu 2000, þ.e. að meðtöldum þeim sem þurft hafa fleiri en eina atrenu að prófrauninni, hafa 1.185 lokið prófi en það svarar til 87,7% af heildarfjölda þátttakenda. Af þeim eru 646 karlar, eða 54,5% og 539 konur, eða 45,5%. Sé þessi niðurstaða skoðuð í ljósi samsetningar þátttakenda í heild, verður ekki séð að afgerandi munur sé á frammistöðu eftir kyni.

Framangreindar tölur þýða jafnframt að 12,3% þeirra sem þreytt hafa prófraunina hafa helst úr lestinni en þessi tala er þó með þeim fyrirvara að einhverjir kunni enn að eiga möguleika á ljúka einstökum prófum, en samkvæmt reglugerð þurfa þátttakendur að ljúka fyrri hluta bóklega hluta námsins innan tveggja ára frá því þeir voru fyrst skráðir og síðari hluta hans innan árs frá því fyrri hluta lauk en forsenda þess að geta skráð sig á síðari hluta bóklega hlutans er að hafa lokið öllum prófum í fyrri hluta með fullnægjandi hætti.

Ingimar Ingason

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Hannes J. Hafstein

PACTA Lögmennt, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, sími: 440-7900

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir

Embætti ríkislögmans, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík, sími: 545-8490

Tinna Björk Gunnarsdóttir

Lögmansstofan Fortis ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík, sími: 520-5800

Helga Björg Jónsdóttir

Draupnir lögmansþjónusta, Borgartúni 28, 3. hæð, 105 Reykjavík, sími: 415-0150

Halldór Kr. Þorsteinsson

Lögmenn Laugavegi 3, Laugavegi 3, 101 Reykjavík, sími: 520-1050

Atli Már Ingólfsson

Land Lögmenn, Hlíðasmára 9, 200 Kópavogi, sími: 546-4040

Magnús Pálmi Skúlason

Lögskipti, Ármúla 18, 108 Reykjavík, sími: 527-3000

Þórir Már Skarphéðinsson

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, sími: 515-7400

Sara Pálsdóttir

Lausnir lögmansstofa, Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík, sími: 563-1800

Sigmundur Guðmundsson

Lögmanshlíð lögfræðiþjónusta ehf., Glerárgötu 36, 4. hæð, sími: 466-2700

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Aníta Auðunsdóttir

MAGNA Lögmenn, Höfðabakki 9, 110 Reykjavík, sími: 571-5400

Elías Karl Guðmundsson

Lögmenn Laugavegi 3, Laugavegi 3, 101 Reykjavík, sími: 520-1050

Leifur Valentín Gunnarsson

LMG Lögmenn, Garðastræti 37, 101 Reykjavík, sími: 511-1190

Elvar Austri Þorsteinsson

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 19. hæð, 105 Reykjavík, sími: 550-0500

Ragnar Snær Kærnested

BBA/Fjeldco, Katrínartúni 2, 19. hæð, 105 Reykjavík, sími: 550-0500

Kristinn Már Reynisson

Íslandspóstur, Höfðabakka 9d, 110 Reykjavík, sími: 580-1000

Rebekka Ósk Gunnarsdóttir

OPUS lögmenn, Austurstræti 12A, 101 Reykjavík, sími: 415-2200

Sigrún Ásta Brynjarsdóttir

Alpha Lögmenn, Holtavegi 10, 104 Reykjavík, sími: 777-1204

Rósamunda Jóna Baldursdóttir

Lögmenn Norðurlandi, Hafnartræti 94, 600 Akureyri, sími: 422-2800

Halldór Ingi Blöndal

Lögmenn Laugardal, Sundagarðar 2, 104 Reykjavík, sími: 533-4850

Björgvin Helgi Fjeldsted Ásbjörnsson

Fífuvöllum 14, 221 Hafnarfirði, sími: 8645124

Valgerður Erla Árnadóttir

Juvo Lögmenn, Akralind 6, 200 Kópavogur, sími: 780-0380

Steinlaug Högnadóttir

LOGOS, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, sími: 540-0300

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Berglind Guðmundsdóttir

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, sími: 550-0541

Vilhjálmur Herrera Þórisson

LOGOS lögmansþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, sími: 540-0300

Auður Kolbrá Birgisdóttir

Velferðarsvið Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur, sími: 441-1000

Elímar Hauksson

Héraðssaksóknari, Skúlagötu 17, 101 Reykjavík, sími: 440-0150

Erna Hjaltested

Embætti ríkislögmans, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík, sími: 545-8490

BREYTING Á VINNUSTAD

Claudia Ashanie Wilson

Claudia & Partners Legal Services ehf., Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, sími: 571-7405

Ragnar Þórður Jónasson

Málþing ehf., Ingólfstræti 3, 101 Reykjavík, sími: 561-8200

Sigurður Rúnar Birgisson

Gjaldheimtan ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 570-5500

Helgi Jóhannesson

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, sími: 515-7400

Marteinn Áki Ellertsson

AviLabs ehf., Skipholt 50D, 105 Reykjavík, sími: 895-1564

Steinunn Pálmadóttir

Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, sími: 515-9000

Guðmundur Ómar Hafsteinsson

Novum lögfræðiþjónusta, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, sími: 555-1550

Áslaug Björk Björnsdóttir

LML Lögmenn ehf., Smáratorgi 2, 200 Kópavogi, sími: 896-5463

NÝTT HEIMILISFANG

Jóna Benný Kristjánsdóttir

Medial, Litlabrú 1, 780 Höfn í Hornafirði, sími: 869-8650

Helga Baldvins Bjargadóttir

Helga Baldvins slf., Skipholt 50c, 108 Reykjavík, sími: 693-3588

Elín Árnadóttir

Kjarni lögmansstofa, Bjarkarholt 12, 270 Mosfellsbær, sími: 841-2118

Rútur Örn Birgisson

Dalsfoss legal ehf., Brekkugerði 8, 104 Reykjavík, sími: 869-1031

Ingólfur Kristinn Magnússon

Alpha lögmenn, Holtavegur 10, 104 Reykjavík, sími: 771-1203

Andrés Már Magnússon

Prima lögmenn, Brekkusíða 11, 603 Akureyri, sími: 852-2098

Jón Ögmundsson


Altus lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 571-4500

Anton Björn Markússon

Altus lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 571-4500

Guðmundur Benediktsson

Laugavegi 59, 101 Reykjavík, sími: 588-1177



KRISTJÁN STEFÁNSSON ER FÆDDUR 1. MARS 1945. HANN LAUK CAND. JURIS PRÓFI FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1974. KRISTJÁN VAR FULLTRÚI HJÁ ÞORVALDI ÞÓRARINSSYNI HRL. FRÁ 1974-1975 ER HANN STOFNAÐI EIGIN LÖGFRÆÐISKRIFSTOFU SEM HANN HEFUR REKIÐ ALLAR GÖTUR SÍÐAN. HANN VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1977 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1991. KRISTJÁN KYNNTIST EIGINKONU SINNI, STEINUNNI MARGRÉTI LÁRUSDÓTTUR LÖGFRÆÐINGI, UM ÞAÐ LEYTI SEM HANN VAR AÐ LJÚKA LAGANÁMI OG HÚN AÐ BYRJA EN ÞAU EIGA SAMAN FJÓRA UPPKOMNA SYNI.

ÞEGAR MAÐUR NEITAR SÖK ÞÁ HEFUR VERJANDI HANS EKKI FORSENDUR EÐA LEYFI TIL AÐ RENGJA HANN

Vesturbæingurinn Kristján Stefánsson er ennþá að praktísera 76 ára gamall. Hann rekur lögmannsstofuna KRST lögmenn á Tryggvagötu ásamt þremur sonum sínum; Stefáni Karli, Páli og Jóni Bjarna en auk þeirra eru þrír löglærðir fulltrúar á stofunni. Þá vinnur Gunnar, fjórði sonurinn, með þeim en hann er lærður mannvirkjajarðfræðingur. Kristján segist svo til hættur að mæta í dómsal en lítur við á skrifstofunni daglega og er með tvö til þrjú mál í gangi hverju sinni.

Hvers vegna fórst þú að læra lögfræði?

Þetta var nú engin sérstök köllun. Sumarið eftir stúdentspróf var ég í sölumennsku og þurfti að innrita mig í eitthvað nám því það var gefinn skattaafsláttur ef maður var innritaður í háskólann. Ég var staddur úti á landi daginn sem frestur til þess að skrá sig rann út og það var móðir mín sem innritaði mig í lögfræði. Ég var síðan að vinna í Landsbankanum og sinnti síðan ýmsum öðrum störfum með námi; var í sölumennsku, útgáfustarfsemi og auglýsingabransanum.

Var námið erfitt?

Það er ekki hægt að segja að ég hafi svitnað við lesturinn enda með mörg önnur járn í eldinum. Ég mætti ekki mikið í skólann en ég hafði þó áhuga á eignarétti sem Gaukur Jörundsson kenndi og réttarfari hjá Þór Vilhjálmssyni. Svo kenndi Sigurður Línadal almennu lögfræðina sem var þröskuldurinn sem þurfti að komast yfir. Auðvitað voru allir lærifeðurnir hinir vönduðustu menn en margt í lögfræðinni lærði ég með því að lesa löginn sjálf og dóma.

Hvar byrjaði lögmannsferillinn þinn?

Þegar ég lauk námi þjóðháttíðarárið 1974 bauðst mér vinna hjá Þorvaldi Þórarinssyni lögmanni og þar kynntist ég Hilmar Ingimundarsyni lögmanni. Ég var hjá Þorvaldi þar til hann lést ári síðar og þá opnaði ég eigin lögfræðiskrifstofu, 1. júní 1975, í samstarfi við Hilmar. Við Hilmar vorum í samstarfi allt þar til hann féll frá í október 2010.

Hvernig gekk starfið fyrstu árin?

Vel. Á þessum tíma höfðu lögmennt einstaklingar rétt til að flytja mál í Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði en lögfræðingar máttu flytja mál úti á landi. Ég fór mikið út á land í fjárnámsferðir fyrir aðra lögmennt og fyrirtæki en á þessum tíma lauk flestum fjárnámum með árangri. Það kom jafnvel fyrir að ég tók flugvél á leigu til að fara á staðina en með því vannst tími og ég náði að undirbúa mig betur. Á þessum tíma var ég orðinn all umsvifamikill í innheimtumálum. Þar kom að því að Lögmannafélaginu fannst ég hafa óþarflega mikið umleikis enda ekki í félaginu þar sem lögmannsréttindi voru áskilin. Eftir athugasemdir Lögmannafélagsins við þóknunir til mín tók Borgardómur upp á því að lækka þær vegna réttindaleysis. Það varð til þess að Hilmar leppaði mig og ég aflaði mér réttindanna.

Var erfitt að afla sér lögmannsréttinda?

Já, það þurfti að flytja fjögur prófmál þar sem prófdómarar voru viðstaddir. Það gat verið mjög erfitt að fá mál hjá lögmonnum. En þau prófmál sem ég flutti voru komin frá mér sjálfum. Eins var þegar ég tók hæstaréttarlögmannsprófið árið 1991. Þá hef ég látið ótal mörg mál frá mér til prófmanna og finnst ánægjulegt að hafa getið orðið öðrum til aðstoðar við öflun réttinda.

Munurinn á að spila brigde eða vist

Hefur eðli starfsins breyst síðan þú byrjaðir?

Feykilega mikið. Dómstólarnir eru orðnir fjarlægari að forminu til. Í starfstöðvum dóma drukku dómáttarar, lögmennt og starfsfólk kaffi í bróðerni, ræddu málin og var þar oft lifandi málstofa.

Menn treystu að dómsmálameðferð myndi batna þegar gagnangerar breytingar voru gerðar á réttarfaraslögum í upphafi 10. áratugs síðustu aldar. Dómáttararnir voru hins vegar enn þeir sömu og réttarfarsbætur náðu því ekki allar almennilega fram. Ég var umsvifamikill í sakamálum í mörg ár og þar er öðruvísi hugsunarháttur en í einkamálréttarfarinu. Reglurnar eru aðrar og ef hægt er að bera það saman við eitthvað er það svolítið eins og munurinn á að spila bridge eða vist. Þannig eymir enn í dag

af rannsóknarréttarfari liðinna tíma. Þetta er sérstaklega áberandi þegar reynsluminni fulltrúar ákærvaldsins flytja mál, þá hætta dómurum til að taka undir sig forræði sóknar, að mínu mati. Það er munur á að flytja mál fyrir dómi eða gegn dómi.

Þá þykja mér dómstjórnir orðnar helst til ófyrirsjáanlegar í dag. Áður fyrr mátti segja með 90% vissu hver niðurstaða dómara yrði en nú virðist miklu ráða hvaða dómari á sæti í málinu. Dómáttarar eiga að taka mið af því um hvað menn deila, þeir eiga að rétta lögin og fjalla einungis um það sem menn leggja fyrir dóminn. Það grefur undan trausti ef að dómáttarar eru ófyrirsjáanlegir.

Þrátt fyrir þetta er hjart framundan og margir öflugir lögmennt starfandi.

Varstu aldrei smeykur við skjólstaðingana?

Nei, það var aldrei tilefni til þess. Menn átta sig ekki á því að þeir sem hafa lent í refsimálum eru oft mest „loyal“ skjólstaðingarnir. Þá er líka mikilvægt að muna að þegar maður neitar sök þá hefur verjandi ekki forsendur eða leyfi til að rengja hann og ber að halda hagsmunum hans fram að því virtu.

Finnst þér að lögfræðingar hafi skyldur í samfélaginu?

Já þeir eiga að hafa þær en það er ef til vill á undanhaldi. Sum mál virðast helst rekin fyrir lögmenntina sjálfa.

Ég hef alltaf verið með lögmannsstofu í miðbænum og þar hafa menn oft gengið inn af götunni í vandræðum sínum. Ég hef verið mikið í pro bono málum enda ekki dregnar tennur úr tannlausum túla.

Þá er það breytt sem áður var að þegar fólk leitaði til lögmannna þá kom það jafnvel uppáklætt, í sparifötunum.

Neyðarvörn lögmannsins

Þegar þú litur yfir ferilinn, eru einhver sérstök mál eftirminnilegri en önnur?

Ég hef komið að mörgum stórum og erfiðum málum í gegnum tíðina sem eru bara eins og hvert annað verkefni. Hins vegar eru það oft litlu, „ómerkilegu“ málin sem fleyta réttarfarinu fram á við. Annars eru málin mörg og misjöfn.

Ég var einu sinni að flytja mál í Borgarnesi þar sem piltar voru ákærðir fyrir lyfjaakstur. Lögreglumáttarar sem mætti sem vitni var spurður að því hvernig ökulagið hefði verið. Hann svaraði: „Þeir óku löturhægt en þurftu til þess allan



veginn.“ Mönnum mældist til að þeir hefðu verið í 14 tíma að aka frá Grundarfirði til Andakílhreppsins í Borgarfirði.

Í öðru máli fyrir héraðsdómi gerðist það að drengur var ákærður fyrir það eitt að hafa ekið bifreið sinni of hratt. Dómari spurði hvort ekki ætti að gera sátt um málið. Ég taldi það ákjósanlegt og útskýrði hvað í því fælist fyrir drengnum sem svaraði: „Ég fellst á þetta fyrst ég var ekki látinn blása.“

Dr. Gunnlaugur Þórðarson hringdi stundum í mig til að leita ráða í sakamáli. Eitt sinn var hann að verja mann í ljótu máli og átti erfitt með að finna honum eitthvað til málsbóta. Ég sagði honum að hann gæti talað um erfitt uppeldi eða brugðið fyrir sig það sem kalla má „neyðarvörn lögmannsins“. Hún gengur út á það að leggja til þyngstu refsingu, ákærði eigi engar varnir og ganga þannig fram, að dómari fari þá sjálfur að leita að einhverjum málsbótum manningnum til varnar. Ef menn lenda í öngstræti er rétt að gera það að vandamáli dómarans. Ég veit nú ekki hvort Doktorinn fylgdi þessu ráði.

Einu sinni átti ég að mæta Haraldi Blöndal í dómi en hann leigði aðstöðu hjá okkur Hilmar. Haraldur var hins vegar ekki mættur og dómariinn orðinn ópolinnmóður. Mér fannst

ég verða að gera eitthvað svo ég sagði dómara að ég hefði verið búinn að steingleyma því að Haraldur væri veikur. Dómariinn var ekki fyrir búinn að taka það til greina þegar Haraldur birtist í dyrunum. Nú voru góð ráð dýr svo ég sagði við hann: „Ertu ekki ennþá veikur?“ Hann var fljótur að átta sig á stöðunni og byrjaði að hósta eitthvað áður en hann játaði því.

Einu sinni vorum við Hilmar Ingimundarson mættir saman til lögreglunnar í Reykjavík. Þar átti að yfirheyra skjólstaðinga okkar. Hilmar lagði bílnum inni í bílaportið bak við lögreglustöðina. Þar bar að ungan lögreglumann, sem vildi okkur á brott, stæðin væru aðeins fyrir lögreglu og starfsmenn embættisins. Hilmar svaraði því til að þetta vissum við. Hann bætti svo við „ef þú þekkir okkur hins vegar ekki, þá hef ég réttmætar efasemdir um að þú sért lögreglumaður“.

Að lokum, er lögfræði meira áhugamál eða lífsstíll heldur en starf? Ja, þetta byrjar sem starf en verður að lífsstíl.

Eyrún Ingadóttir

NOKKUR ORÐ UM SLIT SÉRSTAKRAR SAMEIGNAR MEÐ NAUÐUNGARSÖLU

UNNUR LILJA HERMANNSDÓTTIR LÖGMAÐUR



Samkvæmt skilgreiningu er sérstök sameign fasteign eða hlutur í eigu tveggja eða fleiri, þannig að hver og einn nýtur allra réttinda sem um ræðir yfir eigninni í heild, með þeim takmörkunum sem gera verður vegna hagsmuna annarra sameigenda.¹ Margvísleg vandkvæði geta komið upp í slíku sameiginlegu eignarhaldi og kann hluti eigenda að vilja losna undan því eða nýta sameignina á annan hátt, án þess að aðrir vilji gera breytingar þar á. Ýmsar leiðir eru færar til knýja fram slit á sérstakri sameign svo sem rakið verður. Þá hafa nokkur fjöldi dómsmála verið rekin um sérstaka sameign, þ.m.t. um möguleg slit þeirra, en til að eyða óvissu og skerpa á reglum sem gilda um sameign er það mat höfundar að tímabært sé að huga að endurskoðun og setningu laga á þessu sviði.

Samkvæmt meginreglu eignaréttar getur hver sameigenda krafist slita á sérstakri sameign, ef unnt er að skipta henni án þess að tjón hljóti af. Ýmsar leiðir eru færar til þess, svo sem með samningum, með kvaðningu úttektarmanna á

¹ Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: Eignaréttur I, bls. 293.

grundvelli landskiptalaga nr. 46/1941, að nánari skilyrðum uppfylltum, eða með því að fá slík skipti viðurkennd fyrir dómstólum. Lokaniðurstaðan er sú að hver sameigenda fær til umráða og eignar hluta sameignarinnar, í samræmi við eignarhlut sinn.

Sé ekki unnt að slíta sérstakri sameign með því að skipta henni upp er mögulegt að krefjast nauðungarsölu, á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Áður en nauðungarsala fer fram skal sá sem krefst hennar sýna fram á að hann hafi skorað á aðra sameigendur að ganga til samninga við sig um slit á sameigninni, með minnst eins mánaðar fyrirvara. Takist ekki samningar og sé sýnt að ekki sé unnt að skipta sameigninni upp, skal eignin í heild seld hæstbjóðanda á uppboði. Allir, ekki bara sameigendur, geta tekið þátt í slíku uppboði og boðið í eignina.

Samkvæmt nauðungarsölulögum er sá varnagli hins vegar settur við nauðungarsölu á sérstakri sameign að fyrirmæli annarra laga og samnings mega ekki standa í vegi fyrir því að nauðungarsalan nái fram að ganga.

Úrskurður Landsréttar í máli nr. 664/2021

Nýlega var kveðinn upp úrskurður í Landsrétti í máli nr. 664/2021, þar sem reyndi á heimild til að ná fram nauðungarsölu á vegstæði en því var haldið fram í málinu að vegstæðið, sem lá í og við mörk tveggja landareigna, væri í sérstakri sameign fjögurra aðila. Landsréttur taldi að ekki stæði heimild til þess af tveimur ástæðum.

Í fyrsta lagi hafi leikið vafi á því hvort nauðungarsölubeiðnin lyti að ráðstöfun sameignar málsaðila, sbr. frumskilyrði 2. mgr. 8. gr. nauðungarsölulaga, en varnaraðilar héldu því fram að sóknaraðilar ættu einungis umferðarrétt um vegstæðið.

Í öðru lagi með vísan til þess að fyrirmæli skipulagslaga og jarðalaga stæðu í vegi að nauðungarsalan næði fram að ganga, sbr. niðurlag 2. mgr. 8. gr. nauðungarsölulaga. Vísað var til þess að beiðnin lyti að nauðungarsölu á afmörkuðum hluta tiltekinnar eða tiltekinnar fasteigna sem ekki hefði verið skipt út úr landi þeirra. Samkvæmt 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004 skyldi skipting lands á landbúnaðarsvæðum samrýmast skipulagsáætlun en ákvæðið vísar til 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í 1. mgr. þess ákvæðis segði að óheimilt væri að skipta jörðum, löndum eða lóðum, breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema með samþykki sveitarstjórna. Af þessu leiddi að vegstæðinu yrði ekki skipt út úr landi aðila án samþykkis skipulagsyfirvalda og gæti nauðungarsalan því ekki náð fram að ganga.

Sjónarmið við skiptingu lands

Telja verður niðurstöðuna rétta og eðlilega m.t.t. þeirra reglna sem gilda um skipulag og skráningu fasteigna og þeirra sjónarmiða sem búa að baki.

Skipulagslög nr. 123/2010 byggja á meginreglunni um skipulagsskyldu en í 12. gr. laganna segir að skipuleggja beri allt land og hafsvæði innan marka sveitarfélaga. Jafnframt að bygging húsa og annarra mannvirkja, ofan jarðar og neðan, aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafi áhrif á umhverfið og breyti ásýnd þess skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Í samræmi við framangreint skal ákvörðun um skiptingu lands að jafnaði tekin í deiliskipulagi skv. 1. mgr. 37. gr. skipulagslaga. Ákvörðun um skiptingu lands í fleiri fasteignir er í skipulagslegu tilliti meiriháttar ákvörðun sem hefur mjög víðtæk áhrif. Horfa þarf til ýmissa atriða sem hafa grundvallarþýðingu varðandi réttindi eigenda, nágranna og annarra s.s. varðandi aðkomu og umferðarrétt, tengingar við vegi, landnotkun o.fl. Skipting á landi í fleiri eignir eykur og líkur á ýmsum skipulagslegum og eignaréttarlegum úrlausnarefnum til framtíðar sem nauðsynlegt er að líta til þegar í upphafi. Í undantekningartilvikum geta sveitarstjórnir mögulega samþykkt útskiptingu lands eingöngu á grundvelli 48. gr. skipulagslaga án þess að deiliskipulag liggja fyrir áður. Í slíkum tilvikum þarf engu að síður að horfa til sömu skipulagslegu þátta og við gerð skipulags s.s. varðandi aðkomu og umferðarrétt.

Ef nauðungarsala fasteignar, sem ekki hefði verið skipt út úr landi á grundvelli ákvæða skipulagslaga, myndi fara fram væri með beinum hætti stigið inn í skipulagsvald sveitarfélaga og teknað ákvarðanir um skipulag án þess að huga að þeim atriðum sem nauðsynleg væru við slíka ákvarðanatöku. Mögulegt er að með slíkum ákvörðunum væri raskað mikilsverðum almannahagsmunum og/eða einstaklingshagsmunum annarra.


Fleiri dómsmál um slit á sérstakri sameign

Úrskurður Landsréttar í málinu nr. 664/2021 á sér nokkra samsvörun í dómi Hæstaréttar í máli nr. 234/2005. Hæstiréttur vísaði því máli frá dómi þar sem kröfugerð laut að því að dómstólar skiptu tilteknu landi út úr sameign í stað þess að gerð væri krafa til viðurkenningar á rétti til skiptingar sameignarinnar. Vísað var til þess að ákvæði þágildandi skipulags- og byggingarlaga áskildu m.a. samþykki sveitarstjórnar fyrir skiptingu jarða og því væri ekki unnt að krefjast beinnar skiptingar þó játa yrði aðilum því úrræði að leita atbeina dómstóla til slita á sameign.

Hins vegar kemur mögulegur ágreiningur um landamerki aðliggjandi jarða ekki í veg fyrir nauðungarsölu til slita á sérstakri sameign, að því gefnu að landskipti hafi farið fram með samþykki skipulagsyfirvalda. Á það reyndi t.a.m. í dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 6/2007, þar sem m.a. var vísað til þess að stofnun landspildu hefði verið staðfest í Landskrá fasteigna og sameiginlegu eignarhaldi verið þinglýst. Var komist að þeirri niðurstöðu að taka bæri nauðungarsölubeiðni á landspildunni til afgreiðslu jafnvel þó að ágreiningur væri um landamerki aðliggjandi jarða og vísað til þess að réttarstaða uppboðskaupanda yrði ekki önnur né meiri en réttarstaða þáverandi eigenda.

Af framangreindu má ráða að ekki er unnt að ráðstafa hluta sameignarlands með nauðungarsölu, sem ekki hefur verið skipt út úr öðru landi með samþykki skipulagsyfirvalda. Það hefur þó ekki þýðingu þó merki sameignarlands og aðliggjandi landa séu óljós, hafi slík skipting farið fram.

Nokkur fjöldi dómsmála hafa verið rekin um sérstaka sameign og ýmis álitaefni tengd þeim. Í niðurstöðum þeirra hefur, auk óskráðra reglna, verið vísað til reglna laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, meðal annarra. Til að eyða óvissu og skerpa á reglum sem gilda um sameign, þ.m.t. um möguleg slit sameignar með nauðungarsölu, er tímabært að huga að endurskoðun laga á þessu sviði og má í því sambandi má benda á að í Noregi eru í gildi sérstök lög um sameign sem líta mætti til við slíka vinnu.



e-tron GT

Rafmagnaður draumur.

Drægni allt að 475 km (WLTP) - 469 hestöfl - Quattro fjórhjóladrif - Hröðun 0-100 km/klst 4,1 sek



Laugavegi 170 – 174 → Sími 590 5000 → www.hekla.is
Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílás Akranes → Bílakjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á → www.hekla.is/audisalur

Fylgdu okkur @audi →   